



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Lýðhyggja

Hvað fyllir á fóðurtrog hennar?

Ragnar Jóhannsson

September 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Lýðhyggja: Hvað fyllir á fóðurtrog hennar?

Hvað gæti útskýrt auknar vinsældir lýðhyggju í vestrænum ríkjum og hvernig gætu fjölmiðlar tengst því?



Ragnar Jóhannsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinanendur: Ólafur Þ Harðarson og

Margrét Sigrún Björnsdóttir

12 einingar

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

September 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lýðhyggja: Hvað fyllir á fóðurtrog þess?

Hvað gæti útskýrt auknar vinsældir lýðhyggju í vestrænum ríkjum og hvernig gætu fjölmiðlar tengst því?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-prófs í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ragnar Jóhannsson, 2020

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland, 2020

Útdráttur

Í ritgerðinni er fyrirbærið lýðhyggja skoðuð og reynt að svara spurningunni: Hvað gæti útskýrt auknar vinsældir lýðhyggju í vestrænum ríkjum og hvernig gætu fjölmiðlar tengst því? Ritgerðin byggir á kenningum sem á ensku nefnast „4D“ og eru smíðaðar af þeim Matthew Goodwin og Roger Eatwell, en þær eru taldar geta varpað ljósi á auknar vinsældir lýðhyggju. Hin 4D eru eftirfarandi á íslensku: aukið vantraust til fjórvaldsins, samfélagslegar breytingar sem ógn við sögulega menningu og lífnaðarhætti Vesturlanda, efnahagslegar breytingar vegna aukins hlutfallslegs skorts á Vesturlöndum og loks minnkandi tryggð fólks við hefðbundna flokka. Allir þættirnir fjórir hafa haft mismunandi áhrif og eru þau könnuð í þessari ritgerð. Einnig verða nokkrir útbreiddir fjölmiðlar skoðaðir, bæði hinir hefðbundnu t.d. BBC, New York Times og fleiri, en einnig óhefðbundnir miðlar og þá sérstaklega samfélagsmiðlar og internetið í heild sinni. Sýnt er fram á hvernig hefðbundnir miðlar hafa þurft að aðlaga sig að þeim síðarnefndu sem og hvernig það hefur mögulega ýtt undir vinsældir lýðhyggju. Samfélagsmiðlarnir sem eru skoðaðir eru Facebook, Twitter og YouTube. Eru þeir meðal hinna mest notuðu samfélagsmiðla í heild sinni svo ágætis yfirsjón næst með því að athuga þá. Niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að allir þættirnir fjórir (4D) eigi líklega þátt í auknum vinsældum lýðhyggju, en mismunandi vægi hvers þeirra geti verið ríkjandi í hverju landi fyrir sig, þó ákveðnar líkur séu á að samfélagslegar breytingar skipti hvað mestu. Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar eiga svo þátt í að auka sýnileika þeirra vandamála sem lýðhyggjumenn notfæra sér til að auka fylgi sitt.

Abstract

In this essay, the ideology of populism is examined and an attempt is made to answer the question: What could explain the increased popularity of populism in the Western world and how could the media relate to it? The essay is based on the 4D model by Matthew Goodwin and Roger Eatwell as a possible explanation. The 4Ds are as follows:

Distrust of politicians and institutions, Destruction of the national group historic identity and established way of life, relative Deprivation as a result of rising inequalities of income in the West and finally the weakening bonds between the traditional mainstream parties and the people or De-alignment. All four categories have had different effects and are examined in this essay. The media will also be examined, both the traditional e.g. BBC, New York Times, etc. but also non-traditional media, especially social media and the internet as a whole. It shows how traditional media have had to adapt to them and how this has possibly contributed to the popularity of populism. The social media that were used are Facebook, Twitter and YouTube. They are among the most used social media as a whole so they can be expected to give a decent insight into the matter. The conclusion of this essay is that all those factors are probably involved in the increasing popularity of populism, but their weight is probably different from one country to another, although there is a certain probability that social changes matter the most. The media and social media are involved in increasing the visibility of the various problems that populists use to increase the support to them.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 ECTS eininga. Leiðbeinandi minn var prófessor Ólafur Þ Harðarson og vil ég þakka honum fyrir góðar leiðbeiningar og gott samstarf við skrif þessarar ritgerðar.

Sérstakar þakkir fær Margrét Sigrún Björnsdóttir verkefnastjóri og meðleiðbeinandi sem sá til þess að ég héldi mér við efnið og sem sýndi mér mikla þolinmæði og þrautseigju. Ekki má gleyma að þakka foreldrum mínum fyrir að gefa mér svigrúm til að klára ritgerðina þó meira en nóg væri að gera í sveitinni heima. Beljurnar fá svo þakkir fyrir að brjóta upp daginn fyrir mér og vera yndislegar í hegðun nema kannski sú sem ber númerið 1166.

Ritgerðin er tileinkuð foreldrum mínum og ég vona að þau séu ánægð með hana og að hún sé ekki of leiðinleg aflestrar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur og rannsóknarspurningar	8
2 Fræðilegur bakgrunnur, forsaga	10
2.1 Lýðhyggja	12
2.2 Þjóðernispopúlismi í Evrópu	14
3 Rætur aukinna vinsælda	15
3.1 Vantraust til fjórvaldsins	16
3.2 Samfélagslegar breytingar	20
3.3 Efnahagslegar breytingar	24
3.4 Dvínandi tryggð við flokka.....	28
4 Fjölmiðlar og Samfélagsmiðlar	31
4.1 Fjölmiðlar	32
4.1.1 Almennir fjölmiðlar	33
4.1.2 Óhefðbundnir fjölmiðlar	35
4.2 Samfélagsmiðlar.....	36
4.2.1 Twitter.....	37
4.2.2 Facebook	39
4.2.3 YouTube	40
5 Niðurstaða - Umræða	44
Heimildaskrá	47

1 Inngangur og rannsóknarspurningar

Á síðustu árum hefur orðið eins konar sprenging í umræðum víða um lönd um lýðhyggju (popúlisma). Í Evrópu sem og Bandaríkjunum hafa öfl, skilgreind sem popúlísk, fengið aukinn stuðning og jafnvel orðið hluti af ríkistjórnnum nokkurra landa t.d. með Trump sem forseta í Bandaríkjunum og með austurríska Frelsisflokknum í Austurríki. Nefna má að auki pólska hægriflokkinn Lög og reglu, ítalska miðjuflokkinn Fimm stjörnu hreyfinguna og ungversku Jobbikana, en allir hafa þeir fengið mikinn stuðning í viðkomandi landi.¹ Einnig hafa lýðhyggjuflokkar stutt ríkisstjórnir t. d. Danski Þjóðarflokkurinn í Danmörku, sem tapaði þó miklu fylgi í síðustu kosningum eftir að Jafnaðarmenn tóku upp harðari stefnu í innflytjendamálum.²

Flokkar sem hafa fengið þó nokkurn stuðning án þess að vera í ríkisstjórn eru t.d. Franska Þjóðfylkingin, þýski hægri lýðhyggjuflokkurinn Valkostur fyrir Þýskaland AFD og hægri lýðhyggjuflokkurinn Svíþjóðardemókratar. Þessir nýju flokkar hafa margir hverjir pakkað þjóðernisáhyggjum inn í nýjar umbúðir með tilkomu nýrra átakalína í samfélaginu, auk þeirra sem fyrir voru. Mismunandi er hvernig þessi nýja þjóðernishyggja birtist. Sem dæmi má nefna að norrænir hægri lýðhyggjumenn (popúlistar) leggja mikla áherslu á að innflytjendur séu baggi á velferðarkerfinu og að innfæddir beri kostnaðinn, á meðan aðrir flokkar einblína meira á menningarleg áhrif og einstaka flokkur er eins konar framhald af nasistum í viðkomandi landi, t.d. hinn gríski flokkur „Golden Dawn.“³ Eitt er víst að stuðningur við þessa flokka fer vaxandi og áhrif þeirra á aðra flokka sömuleiðis.

Markmið ritgerðarinnar og um leið rannsóknarspurningar hennar eru eftirfarandi: að skoða hvernig fræðimenn skilgreina lýðhyggju, hver er saga hugtaksins og hverjar eru að mati fræðimanna undirliggjandi ástæður fyrir vexti lýðhyggjuhreyfinga samtímans.

Megin rannsóknarspurningin er: Hvað gæti útskýrt auknar vinsældir lýðhyggjuhreyfinga í vestrænum ríkjum samtímans? Þessari spurningu fylgir undirspurning um það hvort fjölmiðlar

¹ Boros, Freitas, Kadlót. & Stetter. *The State of Populism in Europe*. Brussels: FEPS and Policy Solutions, bls 43-48.

² “Presidential Election Results: Donald J. Trump Wins,” The New York Times ; “Elections,” Statistics Denmark

³ The Economist Intelligence Unit, “Populism in the Nordics: What next?,” ; Trilling, “Golden Dawn: the Rise and Fall of Greece's Neo-Nazis,”

gætu hafa átt þátt í þeim og hverjar ástæðurnar fyrir því gætu verið. Síðast en ekki síst verður stutt umfjöllun um hina nýju tæknibylgju og aðferðir upplýsingamiðlunar, sem þó tengist ekki fullkomlega fyrri spurningum, en er nauðsynlegt að fjalla um þar sem þær greina á milli aðstæður í fortíð og nútíð og eiga að auki, að mati höfundar þátt í uppgangi lýðhyggju í samtímanum.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar verður farið yfir þau fræði sem höfundur telur skipta máli fyrir efni þessarar ritgerðar, fjallað verður um uppruna hugtaksins lýðhyggju og stiklað verður á stóru um helstu hugtök og umfjallanir um lýðhyggju.

Í öðrum hluta verður farið yfir mögulegar ástæður fyrir auknum vinsældum lýðhyggju í samtímanum og einnig mismunandi ástæður sem kunna að vera á milli landa. Ekki eru sömu ástæður fyrir uppgangi lýðhyggju í öllum löndum heldur hafa fræðimenn greint mismunandi átakaefni, þó einhver gætu verið sameiginleg svo sem flóttamannavandinn og áhrif banka- og efnahagshrunsins 2008. Mikilvægt er að leita ekki eingöngu að því hvort ákveðnar aðstæður séu sameiginlegar, heldur einnig hvort þær hafi haft sömu áhrif alls staðar. Gott dæmi um þetta er, að þó vissulega hafi efnahagshrunið haft áhrif á uppgang vinstri lýðhyggjumanna t. d. í Grikklandi, þá reis á sama tíma upp miðjúlýðhyggja á Ítalíu og enginn lýðhyggjuflokkur náði fótfestu á Íslandi í kjölfar hrunsins, þrátt fyrir að öll þrjú löndin fengju á sig mikið efnahagslegt högg í hruninu 2008.⁴

Í þriðja hluta verður svo fjallað um þátt fjölmiðla. Fjölmiðlakaflinn verður tvískiptur vegna áhrifa internetsins á það hvað telst fjölmiðill. Fyrri hlutinn fjallar um hefðbundna og rótgróna miðla, en síðari hlutinn um hina óhefðbundnu eða nýju miðla sem hefur vaxið ásmegin síðastliðinn áratug. Þeir eru á öllu litrófi fréttaflutnings, allt frá þeim sem reyna að vera sem hlutlægastir í fréttavali og -flutningi t.d. hinn bandaríski Philip DeFranco sem setur inn efni á YouTube,⁵ til annarra sem handvelja það sem fjallað er um svo það falli að meginspunapræði vefsíðunnar, aðferð sem t.d. Breitbart vefsíðan í Bandaríkjunum er þekkt fyrir og loks falsmiðlar sem spinna meira en þeir segja satt t.d. vefsíðan Daily Stormer í Bandaríkjunum og svipaðir hægriöfgamiðlar.⁶

⁴ Halldórsson & Zoega, „*Iceland's Financial Crisis in an International Perspective*“

⁵ DeFranco, „*Philip DeFranco*,“

⁶ PolitiFact, „*Breitbart*,“ ; Fortin, „*Comedian Wins \$4.1 Million in Lawsuit Against The Daily Stormer*“

2 Fræðilegur bakgrunnur, forsaga

Lýðhyggja sem hugtak á upphaf sitt að rekja til tveggja sögulegra atburða. Sá fyrri varð þegar nokkrir hópar voru myndaðir í miðvesturríkjum Bandaríkjanna undir lok 19. aldar og einn þeirra kallaði sig Lýðhyggjuflokkinn (Populism Party).⁷ Seinni atburðurinn sem kenndur hefur verið við Lýðhyggju varð þegar uppgangur sósíalískra hugmynda átti sér stað í Rússlandi á svipuðum tíma. Atburðirnir eiga lítið sameiginlegt og höfðu engin áhrif hvor á annan, báðir bera þó engu að síður keim af því sem svo á endanum hefur verið kallað Lýðhyggja.⁸

Það er síðan ekki fyrr en um miðja 20. öld að reynt var að skilgreina hugtakið nánar af Edward Shils.⁹ Greining hans var með sterka tilvísun í bandarísk stjórnsmál, en hann gerði samt tilraun til að skilgreina Lýðhyggju í breiðara samhengi. Skilgreining Shils felur í sér að Lýðhyggja sé ógn gegn réttarríkinu og að stuðningsmenn Lýðhyggju álíti sig standa ofar því. Skilgreining Shils felur enn fremur í sér ákveðin atriði sem finnast einnig í nútíma skilgreiningum á Lýðhyggju t.d. baráttuna gegn elítunni, þó meiri athygli sé beint að réttarríkinu og almennu vestrænu lýðræði sem slíku.¹⁰ Shils grundvallaði Lýðhyggjugreiningu sína einkum á svo nefndum McCarthyisma í Bandaríkjunum. Með mikilli einföldun byggði sú stefna á tilteknum ásökunum á hendur gagnrýnenda stjórnvalda eða andstæðinga þeirra, undir því yfirskeyni að vernda þau fyrir óvinum samfélagsins (í tilviki McCarthyisma voru það kommúnistar).¹¹

Seymour Martin Lipset velti hugtakinu einnig fyrir sér sérstaklega út frá bandarískum aðstæðum, en þó frá öðrum sjónarhóli, í því skyni að útskýra hvað Lýðhyggja sé. Á meðan Shils greindi Lýðhyggju út frá almennum stjórnsmálum, með takmörkuðu tilliti til félagslegrar víddar hugtaksins, þá rannsakaði Lipset hverjir studdu McCarthyisma. Hans niðurstaða var, byggð á rannsóknum á íbúum smábæjar í Nýja Englandi, að smáatvinnurekendur (e. small business owners) með 19. aldar hugmyndir um frjálslyndi (e. liberalism) fyndu sig ekki í meginstraumi bandarískra stjórnsmála og urðu hliðhollir hræðsluáróðri McCarthys.

⁷ Allcock, "Populism: A Brief Biography," *Sociology* 5, no. 3 (1971): bls 372

⁸ Allcock, "Populism: A Brief Biography," *Sociology* 5, no. 3 (1971): bls 372

⁹ Allcock, "Populism: A Brief Biography," *Sociology* 5, no. 3 (1971): bls 372-373

¹⁰ Allcock, "Populism: A Brief Biography," *Sociology* 5, no. 3 (1971): bls 372-373

¹¹ Barnes, *The Cold War Home Front: McCarthyism,*

McCartyismi tjáði ótta þeirra og vantraust á þeim sem voru þeim stærri (e. bigness) og ótta þeirra við hugmyndir sem voru upprunnar í stórborgum eða stórum stofnunum og sem græfu undan fyrri hefðum og trú. Í þessu samhengi segir Lipset, að ef hinum almenna borgara finnist eins og hann hafi orðið út undan í þeim framförum sem orðið hafa í heiminum, þá sé líklegra að hann aðhyllist hin einfaldari og beinskeyttari viðhorf.

Sama ár og Lipset setti fram sína greiningu, kom William Kornhauser með sína, byggða á niðurstöðum Shils. Kornhauser hélt því fram að lýðhyggja þróaðist þar sem til staðar væri fulltrúalýðræði, en að réttarríkið væri ekki jafn sterkt og það. Lýðhyggjulýðræði væri þess vegna andstæða (e. contrasted) frjálslynds lýðræðis (e. liberal democracy). Þannig telur hann að grunnur lýðhyggju byggi á misvægi milli réttarríkis annars vegar og frelsis almennings hins vegar. Í lýðræðisþjóðfélagi þarf þjóðskipulagið að hafa nægilega sterkar stoðir fyrir bæði yfirvöld og frelsi fólksins. Ef vernd (e. safeguards) valdhafa er lítið, er hætta á að fjöldahreyfing hrifi til sín völdin, eða ef réttarríkið er of veikt er hætta á að elítu hreyfingar kúgi almenning. Í lýðræðisþjóðfélagi sem byggir á lýðhyggju er áhersla lögð á hið eðlislæga (e. intrinsic) og tafarlausa (e. immediate) gildi þess að vilji almennings sé settur í öndvegi.¹²

Aðrir fræðimenn komu í kjölfarið með ýmsar útfærslur og skilgreiningar á því hvað lýðhyggja væri og hvað ekki. Þar sem ekki var sammæli um þetta var gerð tilraun til að útfæra hvað fyrirbærið lýðhyggja fæli í sér á ráðstefnu sem haldin var í London School of Economics árið 1967, þar sem samankomnir voru í því skyni, sérfræðingar frá átta löndum.¹³ S.L. Andreski prófessor við skólann gerði samantekt um hin mismunandi erindi fræðimannanna og þar sem ekki tókst að sammælast um nákvæma lýsingu eða skilgreiningu á fyrirbærinu varð niðurstaðan sú að mjög almenn skilgreining ætti best við. Sú skilgreining var þá sú, að lýðhyggja sé hvers kyns hreyfing sem hefur það að markmiði að varðveita eða betrubæta umhverfi og frelsi lágstéttafólks. Samkvæmt þessum sérfræðingum rúmast lýðhyggja innan þessa ákveðna ramma, en þeir halda því fram að lýðhyggja sé afar almennt hugtak.

¹² Allcock, 'Populism': A Brief Biography. *Sociology*, 5(3), 371–387.

¹³ Allcock, 'Populism': A Brief Biography. *Sociology*, 5(3), 371–387.

2.1 Lýðhyggja

En hafa hugmyndir og skilgreiningar fræðimanna skýrst frá ráðstefnunni 1967, þar sem aðeins var sammælt um þennan víða ramma? Fyrir hinn almenna lesanda gæti slík spurning vakið furðu því hvernig getur eitthvert fyrirbrigði sem er jafn umdeilt og lýðhyggja verið svo lítt skilgreint? Margar mismunandi kenningar hafa verið settar fram um það hvað lýðhyggja sé en ástæða þess kann að vera sú, að einkenni hennar og stoðir byggja oft á samfélagslegum aðstæðum viðkomandi svæðis/ríkis og geta því verið mismunandi.¹⁴ Í Suður-Ameríku hefur lýðhyggja þannig oft verið kennd við óábyrgar (e. irresponsible) efnahagstefnur, en í Evrópu hefur hún aðallega tengst þjóðerni þó stéttafókus sé þar einnig til staðar.¹⁵

Lýðhyggja er því vægast sagt margrætt hugtak en sérfræðingar eru samt flestir á því að hugtakið eitt og sér sé ekki nægilega merkingarþrungið (e. thick) eða innihaldsríkt hugtak til að hægt sé að setja það fram sem sérstaka kenningu heldur eins konar grunn að kenningu, sem birtist m.a. í því að hún getur ýmist tengst vinstri-, miðju- eða hægrisinnaðri hugmyndafræði. Hún er sem sagt þunn hugmyndafræði sem byggt er ofan á með öðrum. Í grunninn væri með lýðhyggju átt við hóp fólks, misstóran hluta landsmanna sem er í andstöðu við hóp valdamanna, oft nefndur elítan. Lýðhyggjumenn koma þá fram sem talsmenn þessarar andstöðu við elítuna og segjast tala fyrir hin almenna borgara, sem eins konar rödd almannaviljans. Almannaviljinn sé grunnur ákvarðana lýðhyggjumanna og stefna þeirra eigi að endurspegla hann, og þó sú stefna sé ekki studd af meirihluta landsmanna, þá munu lýðhyggjumenn halda því fram að svo sé.

Á fyrri árum einkenndust hópaskiptingar hægrisinnaðra lýðhyggjumanna frekar af spurningunni um líffræðileg atriði svo sem litarhætti, en nútíma lýðhyggja á hægri vængnum leggur fremur áherslu á menningarhreinleika en útlit eða kynþátt. Slíkt hefur haft mismunandi afleiðingar því hægri lýðhyggjuflokkar í sumum löndum, þó sérstaklega á Norðurlöndunum, styðja almennt bæði réttindi kvenna og samkynhneigðra, en þó með þeim takmörkunum að sá stuðningur byggist á því að vernda þá hópa fyrir íslamsvæðingu. Frá því

¹⁴ Mudde, „*Populism: a Very Short Introduction.*“ Bls 21

¹⁵ Mudde, „*Populism: a Very Short Introduction.*“ Bls 26

umburðarlyndi eru þó undantekningar t.d. í Ungverjalandi þar sem lýðhyggjumenn hafa útilokað feminískar fræðigreinar úr háskólum með þeim rökum að þær séu bull og þeim fylgi óþarfa kostnaður.¹⁶

Miðjúlýðhyggja er líklega óalgengasta afbrigði lýðhyggju sem þekktist, og þegar minnst er á hana er iðulega vísað til flokka á Ítalíu.¹⁷ Það sem virðist einkenna þá og þeir eiga sameiginlegt með þeim flokkum sem að öðru leyti eru á andstæðum pól við þá, er áhersla á hinn almenna borgara, rödd fólksins og leiðtogann sem segist tala fyrir hana. Forza Italia er dæmi um slíkan flokk og Berlusconi er klassískt dæmi um lýðhyggjuleiðtoga sem leiðir flokkinn með persónu sinni.¹⁸ Leggur flokkur hans mikla áherslu á beint lýðræði og á það við um allt opinbera sviðið jafnvel við val á dómurum og ríkistarfsmönnum sem ekki hafa verið kosnir í sín embætti. Það sem skilur miðjúlýðhyggjuhreyfingar frá bæði hægri og vinstri lýðhyggju virðist vera skortur á afgerandi afstöðu í tilteknum lykilmálum lýðhyggjusinna, svo sem andúð á innflytjendum í sama mæli og meðal hægri lýðhyggjumanna eða andúð á kapítalisma sem vinstri lýðhyggjuhreyfingar eru þekktar fyrir.¹⁹

Lýðhyggja á vinstri væng hefur á sama hátt og hjá hægriinuðum skoðanabræðrum hans andúð á elítunni. Fyrir vinstrilýðhyggjumenn samanstendur elítan af kapítalíska heimskerfinu, alþjóðlegum fyrirtækjum og vægi peninga í stjórnámálum.²⁰ Sumir þessara þátta t.d. alþjóðleg fyrirtæki eru einnig iðulega hluti af skilgreiningu hægri manna á elítu, en vinstri lýðhyggjumenn hafa hins vegar ekki á sama hátt andúð á minnihlutahópum eða innflytjendum.²¹ Annað einkenni vinstri lýðhyggjumanna er mikil áhersla á frið og andstöðu við hernað, sem er einnig algeng afstaða hefðbundinna vinstri flokka. Loks skal nefnt það sameiginlega einkenni vinstri lýðhyggjusinna, sem eru áherslur á samfélagsleg réttlætismál (e. social justice), þar sem samfélagsleg vandamál allt frá kynjamisrétti til umhverfismála eru

¹⁶ Oppenheim. "Hungarian Prime Minister Viktor Orban Bans Gender Studies Programmes," ; Palonen, "Political Polarisation and Populism in Contemporary Hungary," Parliamentary Affairs"

¹⁷ Zaslove, "Here to Stay? Populism as a New Party Type," bls 319-336

¹⁸ Zaslove, "Here to Stay? Populism as a New Party Type," bls 319-336

¹⁹ Zaslove, "Here to Stay? Populism as a New Party Type," bls 319-336

²⁰ March & Mudde, "What's Left of the Radical Left? The European Radical Left After 1989: Decline and Mutation," bls. 23-49,

²¹ Zaslove, "Here to Stay? Populism as a New Party Type," bls 319-336,

ofarlega á blaði.²² Bæði vinstri lýðhyggja og lýðhyggja á hægri væng ráðast samt einnig af svæðisbundnum aðstæðum (e. local). Mismunandi er hversu mikið til vinstri eða hægri þjóðir hallast. Þannig teldist einstaklingur í Bandaríkjunum vera lýðhyggjusinni ef hann færi fram á að heilbrigðiskerfið yrði ríkisrekið, en væri álitinn hafa hefðbundna eða viðtekna (e. mainstream) skoðun ef hann byggi á Norðurlöndunum.

Lýðhyggja er því s.n. þunn kenning og getur lagst með hvort sem er skilgreiningum á hægri-, mið- eða vinstri stjórn málahreyfingum.

2.2 Þjóðernispopúlismi í Evrópu

Sú lýðhyggja sem er mest áberandi í Evrópu nú á tímum getur talist þjóðernis lýðhyggja. Hún hefur áður verið stuttlega nefnd, en hér verður kafað örlítið dýpra í um hvað hún snýst.

Það sem sameinar alla þjóðernis lýðhyggjuflokka er trúin á að menning og gildi Evrópubúa séu á æðra plani en hjá fólki frá öðrum menningarheimum. Mikilvægt er hér að aðskilja trú á evrópsk gildi og trú á gildi hvernar einstakrar þjóðar. Því þó margir flokkar innan þessa hóps beini athyglinni að landinu sem þeir eru staðsettir í, t.d. breski UKIP flokkurinn og krafa hans um að Bretland yki sjálfstæði sitt með útgöngu úr Evrópusambandinu, þá eru aðrir, t.d. Svíþjóða demókratarnir, sem hurfu frá þeirri stefnu og sögðu að betra væri að breyta Evrópusambandinu innan frá en að ganga úr því.²³

Í rauninni er einungis eitt málefni sem allir þjóðernis lýðhyggjuflokkar í Evrópu eru sammála um, þó í mismunandi mæli sé, en það er andúð á innflytjendum og þá sérstaklega þeim sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagsvæðisins.²⁴ Notuð er aðgreining milli „okkar“ og „þeirra“, þar sem litið er svo á að hinir utanaðkomandi (þeir) séu að ryðjast inn í landið í gegnum opin landamæri og muni varanlega breyta samfélaginu til hins verra. Það byggir ekki eingöngu á því að aukinn hluti landsmanna komi erlendis frá, heldur að þeir komi með siði sína og venjur sem breyti menningu samfélagsins varanlega. Slíkt líta þjóðernis

²² March & Mudde, *“What's Left of the Radical Left? The European Radical Left After 1989: Decline and Mutation*, bls 23-49,

²³ Ahlander, *“Populist Sweden Democrats Ditch 'Swexit' Ahead of EU Elections,”*

²⁴ Ivarsflaten, *“What Unites Right-Wing Populists in Western Europe?,”* bls 3-23,

Lýðhyggjusinnar hornauga og almennt álit þeirra er að í besta falli skulu þeir sem til landsins koma aðlagast viðkomandi samfélagi, ellegar fari þeir aftur til síns heima. Önnur ástæða er að þessu fólki geti fylgt aukin glæpatíðni, sem skaði það félagslega öryggi sem íbúarnir bjuggu við áður.

3 Rætur aukinna vinsælda

Vinsældir lýðhyggju hafa eins og áður kom fram aukist hin síðari ár. Mikill stuðningur við flokka eða leiðtoga sem aðhyllast lýðhyggju hefur því fengið mikla athygli og má þar nefna Marine Le Pen, Trump og Austurríska Þjóðarflokkinn. Þau hafa vakið ótta hjá mörgum og viðbrögð margra hafa verið að nota mjög gildishlaðið orðalag þegar rætt er um lýðhyggjuleiðtoga jafnvel kalla þá fasista.²⁵ Það hefur ekki eingöngu verið innan fjölmiðlaheimsins eða í stjórnámálum, því sumir fræðimenn hafa notast við álíka orðalag og má þar nefna franska heimspekinginn Bernard-Henry Lévy. Hann taldi að Le Pen gæti ekki unnið sigur í Frakklandi þar sem Frakkar væru ekki reiðubúnir til að hafa fasista við stjórnvölinn.²⁶ Höfundur ætlar sér ekki að hafa langt mál um það af hverju Le Pen sé ekki fasisti, en óhætt er að segja að slíkar fullyrðingar séu miklar ýkjur um stefnumál Le Pen.

Hér er gerð tilraun til að flokka mögulegar skýringar á auknum vinsældum lýðhyggju með því að styðjast við kenningar Matthew Goodwins og Roge Eatwell um „D-in“ fjögur. Þau eru eftirfarandi: Vantraust á fjórvaldinu (e. Distrust of politicians and institutions), samfélagsbreytingar sem felast í niðurbroti hefðbundinnar sjálfsmyndar og lífshátta tiltekins þjóðfélagshóps (e. Destruction of national group's historic identity and established ways of life), efnahagslegar breytingar sem leiða til þess að margir telja sig líða hlutfallslegs skorts þegar þeir bera sig saman við aðra í samfélaginu (e. relative Deprivation) og dvínandi hollusta eða tengsl almennings við hefðbundna flokka (e. the weakened bonds between traditional

²⁵ Thompson, "Can Marine Le Pen Make Fascism Mainstream?,"

²⁶ Horowitz, "Bernard-Henri Lévy: Le Pen Won't Win Because France Is Not Ready for a Fascist Regime."

mainstream parties and the people called De-alignment).²⁷ Í næstu köflum er fjallað ítarlegar um hvern þessara skýringabátta.

3.1 Vantraust til fjórvaldsins

Fyrsta atriðið, fyrsta D-ið í greiningu Matthew Goodwins á því hvað stuðli að auknum vinsældum lýðhyggju í samtímanum, er vantraust (e. Distrust) almennings á stjórnámálamönnum og stofnunum. Fjórvaldið er sameiginlegt heiti yfir þrjú völd eða valdabætti hins opinbera sem eru löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómvaldið, ásamt því eru fjölmiðlar stundum kallaðir fjórða valdið. Traust almennings á stofnunum og fjórvaldinu (fyrir utan dómstóla) hefur minnkað.

Sé Bretland tekið sem dæmi þá hefur traust á yfirvöldum (e. government) minnkað um 20% að meðaltali frá árunum 1940-1950 og farið úr um 40-50% í um 60% vantraust á tímabilinu 2005-2015, og óánægja með störf breska forsætisráðherrans yfir sama tímabil hefur einnig aukist um nálægt 20%, úr rétt undir 40% í 55%.²⁸ Mikilvægt er að taka fram að óánægjuprósentan sveiflast auðvitað til eftir því hvað er að gerast í landinu á hverjum tíma, t.d. var mæld um 80% óánægja með bresk stjórnvöld (e. government) í kringum 1995.²⁹ Þetta er í samræmi við svör við annarri spurningu sem lögð var fyrir um það hvort fólki finnst stjórnámálamenn hugsa frekar um sjálfa sig en hag landsins, og þar fjölgaði þeim sem sögðu já, en þó ekki jafn mikið því einungis var um að ræða 10% aukningu frá árinu 1972 til 2014. Ef til vill var aukningin minni vegna þess að sú spurning snerist um stjórnámálamenn almennt, en ekki bara um þá sem voru við stjórnvölinn á þeim tíma.³⁰ Spurningunni varðandi ánægju með stjórnvöld svöruðu líklega einnig þeir sem studdu stjórnarandstöðuna á neikvæðan hátt, því ólíklegt er að kjósendur séu ánægðir með ríkisstjórn flokks sem þeir kusu ekki.

Þessi viðhorf takmarkast ekki við Bretland. Sambærileg óánægja hefur mælst í öðrum ríkjum Evrópu, og í því sambandi má nefna að samkvæmt rannsókn Gabriela Catterberg og

²⁷ Eatwell & Goodwin, "Introduction," in *National Populism: the Revolt against Liberal Democracy* bls 11-18.

²⁸ Clarke, Nick & Jennings, Will & Moss, Jonathan & Stoker, Gerry. (2016). The rise of anti-politics in Britain.

²⁹ Clarke, Nick & Jennings, Will & Moss, Jonathan & Stoker, Gerry. (2016). The rise of anti-politics in Britain.

³⁰ Clarke, Nick & Jennings, Will & Moss, Jonathan & Stoker, Gerry. (2016). The rise of anti-politics in Britain.

Alejandro Moreno frá 2006 hafði traust til þingsins minnkað í flestum Evrópuríkjum sem skoðuð voru fyrir utan Holland, Hvíta-Rússland, Ítalíu og Slóvakíu.³¹ Alþjóðlegar stofnanir hafa einnig fundið fyrir vantrausti almennings. Dæmi um það er hversu umdeilt Evrópusambandið er í mörgum löndum sambandsins, en um 4 af hverjum 10 íbúum að meðaltali treysta ekki stofnunum ESB.³² Það er rétt undir helmingur íbúa samkvæmt þessari rannsókn, en mikilvægt er að benda á að það er mikil fylgni milli þess að vera andsnúinn aðild yfirhöfuð og vantrausti á stofnunum ESB. Þannig vantreystu 7 af hverjum 10 sem voru á móti aðild stofnunum sambandsins, samanborið við að aðeins 2 af hverjum 10 sem voru fylgjandi aðild vantreystu stofnunum ESB.³³ Þessi rannsókn er áhugaverð þá sérstaklega þegar litið er til þess hvenær gögnum hennar var safnað, en það var á árunum 2005-2010, þannig að tímabilið nær yfir efnahagskreppuna 2008, en ekki flóttamannakrísuna um 2015, og það gefur til kynna að óánægjan eða vantraustið hafi verið til staðar lengi.

Ljóst er að vantraust og óánægja með stofnanir og stjórnvöld hefur víða aukist en hvað gæti valdið því? Ein skýringartilgáta gæti verið sú upplifun almennings að stjórnámálamenn séu að fjarlægjast almenna borgara. Slík tilfinning getur stafað af mismunandi ástæðum. Ein þeirra væri sú að bakgrunnur stjórnámalanna sé að verða einsleitari og þar af leiðandi hafi orðið ákveðinn aðskilnaður milli upplifana hluta kjósenda og þeirra sem þeir kjósa. Slíkt á þá sérstaklega við lág-miðstéttarfolk með litla menntun í verkamannastörfum, en rannsóknir sýna að þeim hópi hefur í sífellu meira mæli fundist hann vera skilinn út undan í umræðum um lífskjör.

Þessi sami hópur hefur einnig átt undir högg að sækja þegar kemur að fulltrúum á þingum vestrænna ríkja. Til dæmis eru um 90% þingmanna í Bretlandi (2015), 86% þingmanna á Sambandsþinginu í Þýskalandi (2013) og 97% hollenskra þingmanna (2012) með töluvert meira en skyldunám að baki.³⁴ Í Danmörku, Belgíu og Frakklandi er um 75-90%

³¹ Catterberg & Moreno "The Individual Bases of Political Trust: Trends in New and Established Democracies," bls. 31-48

³² Arnold, Christine, Eliyahu, Sapir & Zapryanova (2012): 'Trust in the institutions of the European Union: A cross-country examination',

³³ Arnold, Christine, Eliyahu V. Sapir and Galina Zapryanova (2012): 'Trust in the institutions of the European Union: A cross-country examination,

³⁴ Bovens & Wille. *Diploma Democracy: the Rise of Political Meritocracy*. Bls 1

þingmanna með háskólapróf eða sambærilega menntun.³⁵ Þeir Anchrit Wille og Mark Bovens hafa gefið þessu heitið „*Prófgráðuráðu lýðræði*“ (e. *Diploma Democracy*), þar sem fjölbreytni fulltrúa þjóðarinnar fer síminnkandi hvað varðar menntunarstig.

Vissulega hefur fjölbreytni meðal kjörinna fulltrúa aukist á undanförnum árum, sérstaklega hvað varðar þætti eins og kynjahlutfall, kynþátt og trúarbrögð, en þrátt fyrir það geta vankantar fylgt ef nær allir koma úr hæsta menntunarstiginu. Spyrja má til dæmis hvort stjórnmalamaður úr miðstétt sem gekk í Oxford háskóla, flutti svo til London og fór beint inn í flokksbatterið út frá samböndum sem hann aflaði sér á skólagöngunni, geti sett sig í fótspor verkamanns frá Slough?³⁶ Slíkar fullyrðingar eða spurningar eiga ekki endilega rétt á sér, enda hafa margir baráttumenn fyrir réttindum verkafólks verið menntafólk og tiltekinn bakgrunnur er ekki nauðsynlegur til að vinna í þágu þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Engu að síður getur verið áherslu- eða skoðanamunur eftir menntunarstigi viðkomandi um það hvernig eigi að ná fram sanngjarnara samfélagi. Það sést til dæmis varðandi sum málefni svo sem um afstöðu til innflytjenda, en mikill munur er á milli þeirra, sem eru hámenntaðir og þeirra sem eru lítið menntaðir.³⁷ Afstaða til aðildar að Evrópusambandinu er einnig mismunandi eftir menntun, en það er þó breytilegt eftir löndum. Til dæmis eru Bretar með litla menntun mjög andsnúnir Evrópusambandinu, en hins vegar sjá Pólverjar með litla menntun og margir frá Austur-Evrópu kosti þess að vinna í öðrum löndum ESB, og það gerir þá jákvæðari í garð sambandsins. Margir þeirra síðarnefndu eru þó á móti innflytjendum í eigin landi.³⁸

Framsál ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana er annar mögulegur þáttur í því að auka vantraust á hefðbundnum stjórnmalaflokkum og getur valdið því að fólk leitar til lýðhyggjuflokka eða -leiðtoga eftir leiðsögn og svörum. Ástæða þess er hugsanlega einföld, að því meira vald sem framselt er til alþjóðlegra stofnana þeim mun minna geta stjórnvöld landsins gert sjálfstætt fyrir sína landsmenn. Áhugavert er einnig að margir af þeim sáttmálum ESB sem samþykktir hafa verið fóru ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu í mörgum

³⁵ Bovens, & Wille. *Diploma Democracy: the Rise of Political Meritocracy*. bls 2

³⁶ Bovens, & Wille. *Diploma Democracy: the Rise of Political Meritocracy*. bls 2

³⁷ Bovens, & Wille. *Diploma Democracy: the Rise of Political Meritocracy*. bls 147

³⁸ Bovens, & Wille. *Diploma Democracy: the Rise of Political Meritocracy*. Bls 147

aðildarlandanna. Sem dæmi má nefna að við upptöku evrunnar voru það einungis Danmörk og Svíþjóð sem með kosningum gáfu almenningi tækifæri til að tjá sig um það hvort breyta ætti um gjaldmiðil, og í bæði skiptin var því hafnað.³⁹

Evrópuþingið á að koma í staðinn fyrir valdmissi hvers ríkis í eigin landi og fá aðildarríkin ákveðinn lágmarksfjölda fulltrúa á þinginu, en síðan umreiknast heildarfjöldi fulltrúa þeirra út frá mannfjölda hvers ríkis. Tilgangur þingsins er að vera lýðræðistenging kjósenda innan ESB á sama hátt og þegar kosið er um flokka heima fyrir. Vandamálið í því sambandi er hins vegar ákveðið áhugaleysi almennings á kosningum til þingsins. Sem dæmi má taka að á meðan kosningaþátttaka í Svíþjóð til þings árið 2018 var 87.2%, þá var þátttaka í kosningunum til Evrópuþings 2019 einungis 55.27%.⁴⁰ Svipuð staða er nær alltaf upp á teningnum í hinum aðildarríkjunum, nema þar sem skylda er að kjósa.⁴¹

Ástæður áhugaleysisins eru margs konar. Til að mynda er oft erfitt að blanda ekki landsmálum inn í kosningabaráttu til þingsins sem fyrst og fremst tekur á sameiginlegum evrópskum viðfangsefnum. Líklega gera frambjóðendur það samt því landsmál standa alltaf mun nær kjósendum og eru skiljanlegri fyrir þá flesta en t. d. umræður um kosti þess að stofna sameiginlegan evrópskan her. Fólki á Spáni eða Ítalíu sem stafar lítil hætta af nágrönnum sínum eigi t.d. erfitt með að mynda sér sérstaka skoðun á því máli nema þá með því að gefa sér tíma til að kynna sér það. Hinum megin í Evrópu væri málinu öðruvísi háttað eins og t. d. í Eistlandi þar sem nágrannarríkin eru ekki öll jafn vinveitt landinu, en það skapar vissar áhyggjur um öryggi þess.⁴²

Einu flokkarnir sem hafa verulega gagnrýnt lausnir á evrópskum úrlausnarefnum eða vandamálum (topics/issues) eru lýðhyggjuflokkar og þá aðallega með gagnrýni á sambandið sjálf, með því að tala t.d. gegn evrunni eða stefnunni varðandi flóttamannavandann í álfunni og kvarta yfir „ægivaldi“ ESB.

Vissulega fylgja ýmis fríðindi alþjóðlegum stofnunum, t.d. hefur tilvist ESB leitt til auðvelds samgangs á milli landa á meginlandi Evrópu, og sameiginlegur gjaldmiðill hefur

³⁹ Eatwell & Goodwin, “Distrust,” in *National Populism: the Revolt against Liberal Democracy*, bls 13-34

⁴⁰ *Turnout: 2019 European Election Results: European Parliament.*; “Analysis of Voter Turnout in the 2018 General Elections,” Statistiska Centralbyrån

⁴¹ Dobрева, Sabbati og Sgueo, “2019 European Elections: National Rules,”

⁴² Crandall, *Soft Security Threats and Small States: The Case of Estonia. Defence Studies*, 14(1), 30-55.

einfaldað viðskipti og bætt lífsgæði (e. quality of life) fyrir íbúa aðildarlandanna, sérstaklega fyrir þá sem ferðast mikið eða vinna þvert á landamæri innan sambandsins. Hins vegar koma upp vandamál vegna tiltekinna neikvæðra áhrifa sem hafa mest áhrif á þá sem eru minna menntaðir, því frjáls för fólks milli landa hefur þau áhrif að hjá þeim fyrrnefndu skapast sú tilfinning að þeir séu í samkeppni við innflutta sem „taka“ störfin af þeim.⁴³

Við þetta bætist vantraust á fjölmiðla, en þeir eru einmitt fjórði þátturinn í kenningunum um D-in fjögur, en ítarlegar verður fjallað um fjölmiðla í sérstökum kafla síðar. Stuttlega má þó segja að þeir eru í auknum mæli álitnir hafa eigið dagskrárvald (e. agenda) og leggi meiri áherslu á að uppfylla það en að flytja sannar og hlutlægar fréttir. Af þeim sökum hefur orðið til hugtakið falsfréttir (e. fake news).⁴⁴ Þetta verður sérstaklega áberandi í málflutningi Trump Bandaríkjaforseta og hans stuðningsmanna, en annað dæmi er t.d. gagnrýni Wall Street Journal á heimsins stærstu YouTube stjörnunni Pewdiepie varð til þess að blaðinu hlotnaðist sá vafasami heiður að verða einn þekktasti fréttamiðill meðal ungs fólks, en einnig einn þeirra sem því líkaði hvað verst við.⁴⁵

Breytingar á því hvernig fjölmiðlar haga sér eftir upplýsingabyltinguna með tilkomu internetsins og aukinn aðgangur að fjölbreytni í fréttamiðlun hafa m.a. haft ofangreind áhrif og verður betur fjallað um það í sérstökum kafla hér aftar í ritgerðinni.

3.2 Samfélagslegar breytingar

Annað D-ið (e. Destruction) í greiningu Matthew Goodwin eru samfélagslegar breytingar sem felast í niðurbroti hefðbundinnar sjálfsmýndar og lífshátta tiltekins þjóðfélagshóps. Þessi skýringarþáttur á frekar við um auknar vinsældir hægri lýðhyggju, en er engu að síður mikilvægur almennt, því margir af lýðhyggjuflokkum samtímans í vestrænum ríkjum eiga frekar heima á hægri væng stjórnmála en þeim vinstri eða í miðju.

Flutningar fólks til vestrænna landa hafa frá lokum seinni heimstyrjaldar vaxið ört. Þannig fluttist fólk til Bretlands frá löndum Breska samveldisins (e. Commonwealth of

⁴³ Eatwell & Goodwin, "Distrust," in *National Populism: the Revolt against Liberal Democracy*

⁴⁴ Ognyanova, Lazer, Robertson, & Wilson, *Misinformation in action: Fake news exposure is linked to lower trust in media, higher trust in government when your side is in power.*

⁴⁵ Winkler, Nicas & Fritz, "Disney Severs Ties With YouTube Star PewDiePie After Anti-Semitic Posts," ; Google "It's Lit: A Guide to What Teens Think Is Cool,"

Nations), einkum Indlandi, Vestur-Indía svæðinu og Pakistan. Ástæða þess að margir komu þaðan var sú að ekki voru takmarkanir á ríkisborgararétti milli fyrrum nýlendusvæða Bretlands og Bretlands sjálfs.⁴⁶ Þannig gat íbúi samveldisins flutt nær óhindrað til Bretlands.

Svipuð þróun átti sér stað í Frakklandi með flutningi mikils fjölda fólks frá Alsír. Í Frakklandi varð það að vandamáli hvernig ætti að laga innflytjendur að franskri menningu m.a. vegna hinnar sérstöku túlkunar á aðskilnaði ríkis og kirkju í frönsku stjórnarskránni, kölluð Laïcité. Laïcité er mun harðari útgáfa af hefðbundnum aðskilnaði ríkis og kirkju en almennt gerist. Það sem lýsir því best er að í Frakklandi er frelsi frá eða undan trúarbrögðum (e. Freedom from religion), og ekki trúfrelsi (e. Freedom of religion).⁴⁷ Algjör aðskilnaður er í Frakklandi milli hins opinbera vettvangs og trúarbragða, þannig að þar mætti t.d. ekki ganga í búrku eða með kippah kollhúfu í ríkisreknum skólum.⁴⁸ Slíkar hömlur á trúartjáningu hafa farið illa í flesta trúarminnihluta Frakklands og aukið líkur á aðskilnaði trúar-minnihlutahópa frá almenningi. Þannig ganga flestir Gyðingar í Frakklandi í einkaskóla sem reknir eru af Gyðingum, til að komast hjá þessum takmörkunum.

Í Þýskalandi komu innflytjendur lengst af frá kommúnistaríkjunum í austur Evrópu og Tyrklandi á tímum kalda stríðsins og varð sprenging í fjölgun innflytjenda í lok þess. Vegna mjög opinna stefnu gagnvart hælisleitendum flyktust árið 2015 meira en 400.000 hælisleitendur til Þýskalands og sóttu um hæli, sem varð til þess að ríkið ákvað að setja takmarkanir sem gerðu fólki erfiðara fyrir að sækja um hæli þar í landi.⁴⁹ Þessi stefna þýsku ríkisstjórnarinnar 2015 reyndist þegar frá leið mjög umdeild í Þýskalandi og varð gagnrýni á hana eitt lykilatriði í stefnu þýska lýðhyggjuflokksins AFD.

Í dag hefur flutningur fólks milli landa gjörbreytt mörgum stórborgum á tiltölulega stuttum tíma. Til marks um það er t.d. að í borgum eins og Brussel, London, Frankfurt og

⁴⁶ National Archive, "Citizenship 1906-2003,"

⁴⁷ JTA, French Public Schools Reminded to Enforce Kippah, Headscarf Ban

⁴⁸ JTA, "French Public Schools Reminded to Enforce Kippah, Headscarf Ban

⁴⁹ Pew Research Center, *Number of Refugees to Europe Surges to Record 1.3 Million in 2015* ; Engler & Schneider, "Asylum Law, Refugee Policy and Humanitarian Migration in the Federal Republic of Germany,"

Amsterdam er meirihluti íbúa frá minnihlutahópum (e. majority-minority).⁵⁰ Síðasta stórbylgja í flutningi fólks til Evrópu var flóttamannastraumurinn árið 2015 þegar yfir milljón flóttamenn flyktust til Evrópu undan átökum í Mið-Austurlöndum.⁵¹

Áhrifin af komu þessa fólksfjölda frá ólíkum menningarheimum gætu hafa aukið þá upplifun fólks að menningarklofningur eða -aðskilnaður ætti sér stað innan þeirra eigin landamæra. Ástæða þess er einnig sú skoðun að vegna alþjóðavæðingar og þess sem sumir fræðimenn kalla endalok þjóðríkisins (e. The end of the nation state), vegna alþjóðavæðingar og aukinna áhrifa alþjóðlegra stofnana eins og ESB, þá muni þjóðir segja skilið við þjóðleg einkenni og sameinast undir t.d. evrópskri sjálfsmynd eða þjóðerni (e. European Identity).

Gallinn við slíkar fullyrðingar er að flestir kjósa mun frekar að kenna sig við land sitt eða þjóð og vera stolt af því að vera íslenskur/hollenskur o.s.frv.⁵² Stolt fólks af þjóðerni sínu heldur því áfram að vera sterkt, en áhyggjur af viðhaldi menningar fara vaxandi. Slíkt má ekki setja í sama flokk og venjulegan rasisma, því flestar vestrænar þjóðir hafa gerst mun umburðarlyndari gagnvart öðrum þjóðfélagsþópum almennt. Sem dæmi má taka að í Bretlandi var árið 1986 um helmingur landsmanna á móti því að meðlimir tveggja ólíkra hópa (e. inter-group) tækju upp opinbert samband sín á milli, en í dag eru það einungis um 15%.⁵³

Aukna umburðarlyndið er samt ekki ótakmarkað, og ótti við varanlegar menningarbreytingar sem hefðu neikvæð áhrif á réttindi og venjur ráðandi menningar viðkomandi lands eru uppspretta ótta. Tilteknar hryllingssögur sem gerast af og til og sem styrkja þessa skoðun almennings eru ekki til að bæta ástandið, svo sem mál Shafiea Ahmed í Bretlandi sem var myrt af foreldrum sínum árið 2003 fyrir að neita að giftast ákveðnum manni.⁵⁴ Af sama meiði en þó öllu saklausari eru þau atvik sem eiga sér stað þegar

⁵⁰ Paterson, "Native Germans Are Now a Minority in Frankfurt," ; Crul, Maurice. *Super-diversity vs. assimilation: how complex diversity in majority–minority cities challenges the assumptions of assimilation*. Bls 1-15

⁵¹ "Migration to Europe in Charts," BBC News

⁵² Beauchamp, "Where People Really Love Their Countries - and Where They Kinda Don't,"

⁵³ Matthews, "Mixed Marriage 'More Accepted' In Britain," Sky News

⁵⁴ Karim, "Killed by the Community," Sister hood

innflytjendur neita að taka í hendurnar á fólki af gagnstæðu kyni, en þau gefa samt glögga mynd af því hversu ólík menning aðkomufólks getur verið hinni vestrænu menningu.⁵⁵

Slíkar sögur ásamt ýmsum siðum sem tíðkast í sumum löndum hafa þau áhrif að til verður ímyndaður ótti um, að ef of margir komi frá þeim svæðum og aðlagist ekki ríkjandi menningu, þá muni þeir á endanum, í krafti fjöldans, breyta samfélaginu í átt að eigin menningu.⁵⁶ Hversu mikill fótur er fyrir þessum ótta breytir í raun engu, og verður ekki farið út í að sýna fram á að hann sé ástæðulaus, því fyrir greiningu ritgerðarinnar skiptir meira máli að óttinn sé til staðar og sé eitthvað sem lýðhyggjufólk byggir málflutning sinn á.

Vísbending um tilvist þessara áhyggja er hversu hratt innflytjendamál hafa risið á lista yfir helstu vandamál margra ríkja að mati íbúanna. Dæmi um það er að í Evrópu hefur málaflökkurinn risið úr því að árið 2005 töldu 14% íbúa innflytjendamál vera mikilvægasta vandamál ríkjanna, upp í að vera 28% árið 2016, og vorið 2018 deildu hryðjuverk og innflytjendamál efsta sætinu á lista yfir mikilvægustu vandamál ríkja Evrópu.⁵⁷

Neikvæð viðhorf gagnvart því hversu fjölmennir innflytjendur megji vera, er enn til staðar eins og könnun PewResearch frá 2019 meðal Evrópuríkja sýndi. En þar kom fram að í nær öllum Evrópuríkjum sem könnunin náði til, er mikill minnihluti sem vill fleiri innflytjendur, að meðaltali í öllum ríkjunum eru aðeins 10% hliðholl fjölgun þeirra, á móti 51% sem vilja fækkun þeirra.⁵⁸ Hægra lýðhyggjufólk styðst við þessar skoðanir og talar fyrir hinum „æðri“ vestrænu gildum og hvernig hætta sé á að þau tapist ef ekkert verður að gert. Norrænir lýðhyggjuflokkar hafa sérstaklega hamrað á skilaboðum þar sem talað er gegn innflytjendum út frá afstöðu þeirra til kvenréttinda, jafnréttis kynjanna og fjölbreytt form kynhneigðar. Kosturinn við þann málflutning er að hann sveigir hjá rasismagryfjunni, sérstaklega í augum stuðningsmanna flokkanna, en einnig óákveðinna kjósenda sem hafa áhyggjur af flóttamönnum og innflytjendum.

⁵⁵ National Archive, “*Citizenship 1906-2003*,”

⁵⁶ Charlton, “*What Is the Great Replacement?*,” The New York Times

⁵⁷ Eatwell & Goodwin, “Introduction,” in *National Populism: the Revolt against Liberal Democracy*, bls 7 af 24 kafli 4

⁵⁸ Devlin, “*How Europeans See Key Institutions and Issues Ahead of European Parliament Elections*,”

3.3 Efnahagslegar breytingar

Þriðja D-ið í greiningu Matthew Goodwin er hlutfallslegur skortur (e. Relative Deprivation) og vísar til breytinga á efnahagsstöðu einstaklinga í samanburði við aðra. Nánar er fjallað um hugtakið aftast í þessum kafla.

Sá málaflokkur sem fær hvað mesta umfjöllun í opinberri umræðu er efnahagur hvers lands. Þegar efnahagurinn versnar eftir uppgangstíma veldur það skyndilegum og miklum breytingum í lífi almennings sem hafa neikvæð áhrif á afkomu tiltekinna þjóðfélags hópa. Slíkar breytingar geta svo valdið pólitískum óstöðugleika sem í mörgum tilfellum hefur skapað sóknarfæri fyrir flokka eða hreyfingar til að komast til áhrifa, flokka sem undir venjulegum kringumstæðum hefðu ekki náð þeim árangri, t.d. sósíalistar í Venesuela o.fl. ⁵⁹

Mikið samfélagslegt umrót fylgir oft í kjölfarið eftir hrun efnahags viðkomandi ríkis eða í fjölbjóðlegri kreppu. ⁶⁰ Þær breytingar eru yfirleitt ekki jafn afdrifaríkar og þegar Adolf Hitler komst til valda í Þýskalandi á sínum tíma, en hann er oft nefndur á nafn þegar orðin kreppa og pólitískt umrót eru sett í sömu setningu. ⁶¹ Engu að síður á umrót sér alltaf stað við miklar efnahagslegar breytingar, og er slíkt umrót oft kveikjan að þúðurtunnu samfélagslegra vandamála, en ekki eina orsökina. ⁶² Ástæða þess er sú að óháð því hversu fjarlægur einstaklingur er almennum stjórnámálum, þá skiptir efnahagur hann alltaf máli.

Banka- og fjármálakreppan árið 2008 kemur til greina sem ein meginástæða aukinnar lýðhyggju á Vesturlöndum samtímans, enda urðu mörg lönd mjög illa úti í kjölfarið á henni, og sum þeirra eru enn ekki búin að jafna sig 12 árum seinna. ⁶³ Kreppan hafði mikil áhrif á heimsbyggðina og á Vesturlöndum fóru m.a. lönd í Suður-Evrópu illa út úr henni og auk þeirra til dæmis Ísland og Írland. ⁶⁴ Vegna slæms ástands í þessum löndum varð mikil ólga meðal almennings og urðu fjöldamótmæli t.d. á Íslandi með búsáhaldabyltingunni. ⁶⁵

⁵⁹ Congleton, Roger, Grofman, Voigt, Michael. Lewis-Beck, og Stegmaier. "Economic Voting.". Bls 14

⁶⁰ Congleton, Roger, Grofman, Voigt, Michael. Lewis-Beck, og Stegmaier. "Economic Voting.". Bls 13

⁶¹ Congleton, Roger, Grofman, Voigt, Michael. Lewis-Beck, og Stegmaier. "Economic Voting." Bls 14

⁶² Congleton, Roger, Grofman, Voigt, Michael. Lewis-Beck, og Stegmaier. "Economic Voting.". Bls 14

⁶³ Amaro, "Greece's Financial Crisis Still Evokes Pain and Fear on the Streets of Athens: 'We Just Have to Smile, Pretend'," CNBC

⁶⁴ Stewart, "Five Countries That Crashed and Burned in the Credit Crunch Face a Hard Road,"

⁶⁵ Guðmundsson, "Tíu Ár Liðin Frá Búsáhaldabyltingunni,"

Af þessum dæmum má sjá að kreppa veldur ekki endilega uppgang lýðhyggjuflokks, því á Íslandi leiddi hún einungis til minnihlutastjórnar sem studd var af Framsóknarflokknum og síðan miðju/vinstri stjórnar Samfylkingar og Vinstri Grænna. Mikið rót varð hins vegar í stjórn máluðunum á Íslandi, fylgi færðist milli flokka og ríkisstjórnir urðu skammlífar sem leiddi til fjölda kosninga. Flokkur sem stóð sig frábærlega í einum kosningum, t.d. Samfylkingin, hrundi svo gjörsamlega í næstu kosningum, Framsóknarflokkurinn fékk mikinn byr 2013, en flokkurinn klofnaði síðar og fyrrverandi formaður hans stofnaði Miðflokkinn, fleiri flokkar urðu til og fjölgaði flokkum á þingi til muna.⁶⁶ Miðað við þessar aðstæður er í rauninni áhugavert að ekki skyldi rísa lýðhyggjuflokkur upp úr þessu umróti, en eins og áður hefur verið nefnt urðu þó til flokkar sem bera tiltekin einkenni lýðhyggju. Flokkar með slík einkenni væru þá Flokkur fólksins, Miðflokkurinn og Píratar, og sumir vilja jafnvel flokka Miðflokkinn sem hægri sinnaðan lýðhyggjuflokk.⁶⁷

Annar áhrifaþáttur á efnahagssviðinu væri hin svokallaða heims- eða alþjóðavæðing (e. globalization) sem er dæmi um hvernig efnahagur getur haft áhrif í því samhengi sem hér er til umræðu. Alþjóðavæðingin hefur á margan hátt bætt líf flestra á Vesturlöndum og t.d. aukið aðgang almennings að munaðarvöru. Þannig þykir í dag sjálfsagt að fá sér franskan ost með ítölsku víni, sitjandi í sænskum stól, með síma sem var framleiddur af bandarísku fyrirtæki í Kína úr efnunum sem koma alls staðar að úr heiminum.⁶⁸

Heimsvæðingin og auknar samgöngur hafa gert okkur flestum kleift að hafa aðgang að mun meiru fyrir mun minna. Það er þó ekki án tiltekinna neikvæðra afleiðinga þegar kemur að lífsviðurværi margra í lægri stéttum viðkomandi lands. Þannig er mun ódýrara að setja saman bíl í Mexíkó en í Bandaríkjunum, og þökk sé nútíma framleiðslugetu er hins vegar mun ódýrara að framleiða korn og ýmis matvæli í Bandaríkjunum og selja til Mexíkó, en að framleiða þau þar.⁶⁹

Samkeppni vinnuafis varð vegna þessa alþjóðleg á svipaðan máta og vöruframleiðslan sjálf. Samkeppnisstaða verkafólks í ríku landi er erfið. Bæði vinnur fólk í sumum löndum fyrir

⁶⁶ Sveinbjörnsdóttir, "Hvað Eru Margir Stjórn mála flokkar á Íslandi Og Hvað Heita Þeir?,"

⁶⁷ Benjamin, "Miðflokkurinn Er Stærsta Popúlíska Hreyfing Íslands,"

⁶⁸ "Iceland (ISL) Exports, Imports, and Trade Partners," Observatory of Economic Complexity (OEC),

⁶⁹ Vlastic, "Ford, Building a Plant in Mexico, Draws Fire From Trump," ; Darlington & Gillespie, "Mexican Farmer's Daughter: NAFTA Destroyed Us,"

mun lægri launum en t.d. innfæddur verkamaður í Bretlandi væri til í að gera, og einnig getur framfærslukostnaður verið lægri eins og t.d. í Póllandi, þannig að þeir geta auðveldlega unnið á mun lægri launum, en samt komist vel af.⁷⁰ Til viðbótar kemur að störfum í verkmannastétt hefur fækkað og þó vélvæðing sé meginástæðan, þá gætir hér einnig áhrifa alþjóðavæðingarinnar. Með frjálsri för verkafólks milli landa kemur farandverkafólk sterkt inn í þau störf sem annaðhvort innfæddir vilja ekki eða gætu einfaldlega ekki framfleytt sér vegna hás framfærslukostnaðar við fasta búsetu í landinu.⁷¹ Getur slíkt valdið launastöðnun, þar sem atvinnuveitendur sleppa við að hækka lágmarkslaunin, því nóg er af vinnuafli sem væri jafnvel til í að vinna fyrir enn lægri launum. Geta störf sem enn eru unnin í viðkomandi landi því orðið hálf óvinnanleg fyrir innfædda verkamenn.⁷²

Þriðji áhrifaþáttur á efnahagssviðinu eru tækniframfarir á sviði framleiðslu. Í dag þarf einfaldlega mun færri fólk til að ná fram sömu ef ekki betri afköstum en áður og ekkert lát virðist vera á þeirri þróun.⁷³ Allt frá því að samsetningarlínan eða færibaldið (e. assembly line) var innleidd af Henry Ford í upphafi 20. aldar yfir í núverandi fyrirkomulag straumlínustjórnunar (lean production). Hefur vinnustundum á hverja framleidda einingu fækkað því straumlínustjórnun takmarkar bæði magn birgða af framleiddum vörum og eykur framleiðslugetu hvers starfsmanns.⁷⁴ En á sama tíma hafa verið til staðar önnur störf sem verkafólk hefur getað gengið í. Vegna örra tækniframfara í samtímanum verður samt að setja spurningarmerki við hvort svo verði áfram, þar sem þróun gervigreindar er svo flókin og sjálfvirknin víðtæk, að ákveðnar áhyggjur eru af því hvert þeir sem litla menntun hafa geti leitað við næstu (4ðu) iðnbyltingu, þegar sjálfvirknin leysir af hólmi mörg hinna klassísku starfa. Í dag eru þegar til sjálfkeyrandi bílar, vélvæddir þjónar og jafnvel vélvæddir kokkar ásamt sjálfvirkum örmum sem eru algengir í verksmiðjum nú til dags.⁷⁵ Þegar þeir fara að

⁷⁰ *Migrant Agency Workers in the UK*, TUC

⁷¹ *Migrant Agency Workers in the UK*, TUC

⁷² Chui, Manyika & Miremadi, "Where Machines Could Replace Humans--and Where They Can't (Yet),"

⁷³ Erlich, "The Rise of Machines and the Evolution of Industrial Work,"

⁷⁴ Brand, "6 Ways to Reduce Labor Costs in Manufacturing" CMTA

⁷⁵ "Robotic Chefs Are Set to Transform Restaurant Kitchens around the World," *Globetrender Magazine*, 28. Maí, 2020; Lyons, "A Restaurant in the Netherlands Is Using Creepy Robot Waiters for Social Distancing," *The Verge*; Koetsier, "Elon Musk: Tesla Will Have Level 5 Self-Driving Cars This Year," *Forbes*; "The Industrial Robotic Arm -- An Engineering Marvel," *RobotWorx*

taka yfir ófaglærð störf í meira mæli er erfitt að segja til um hvert þessi hluti vinnuaflsins gæti leitað, annað en bara að bæta við sig menntun, sem er varla hentug lausn fyrir alla t.d. fyrir 37 ára gamlan trukkabílstjóra.

Sumir segja slíkar áhyggjur ástæðulausar þar sem þetta sé ekki í fyrsta skipti sem mörg störf detta út, því önnur komi í staðinn. Vandamálið við nútímabyltinguna er að hún snýst um almenn störf sem krefjast lítillar sem engrar menntunar, sem dæmi má nefna að ef róbóti getur tekið niður pöntun og fært gestum veitingar á matsölustað er ekkert því til fyrirstöðu að álíka módel gæti unnið í stórmarkaði eða við önnur einföld afgreiðslustörf. Líklegt er að störfín sem leysa þessi störf af hólmi séu flóknari og krefjist meiri menntunar. Þetta er auðvitað framtíðarvandi, þó þegar séu komin ummerki um þessar breytingar, og gæti framtíðarupprót á pólitískum vettvangi sprottið upp úr þeim.

Fjórði áhrifaþátturinn, sem e.t.v. má flokka með efnahagslegum breytingum, er vaxandi munur á því hvað fólki annars vegar í stórborgum og hins vegar á landsbyggðinni finnist vera mikilvægt, því aðstæður þessa fólks eru oft ólíkar. Einfalt dæmi um slíkt væru áherslur á grænni stefnu í bifreiðamálum og aðgerðir stjórnvalda til að minnka útblástur.⁷⁶ Í Frakklandi er nýlegt dæmi um þetta, en þegar kynntur var viðbótar bensínskattur í nafni grænnar stefnu fór allt í háalof meðal þeirra sem þurfa að keyra daglega langar vegalengdir til og frá vinnu eða til að nálgast þjónustu. Fyrir stórborgarbúa hefur bensínskattur ef til vill takmörkuð áhrif, enda er mjög dýrt að eiga bifreið í stórborg og almenningsamgöngur eru almennt frekar góðar. Auk þess hefði minnkandi umferð mjög jákvæð áhrif á líf borgarbúa, því bæði er stöðug umferð óholl vegna útblásturs frá bílum og greiðfærara væri að keyra um, ef fólk þyrfti þess með. Fyrir landsbyggðarfólk væri þetta aðallega böf, því umferðin er yfirleitt ekki það slæm og bíllinn álitinn lífsnauðsyn enda oft langt á milli áfangastaða, ólíkt því sem er í borgum. Stefnur sem þessi auka því þá tilfinningu hluta almennings að elítan/stjórnvöld skilji hreinlega ekki fólk eða standi á sama um það. Afleiðingin gæti orðið sú að fólk reyndi að leita svara hjá lýðhyggjufólki sem talar máli þess.

Hlutfallslegur skortur (e. Relative Deprivation) sem fyrr var nefndur vísar til þess að flestir bera sig saman við aðra, oft þá sem tilheyra sama umhverfi, þegar þeir meta eigin

⁷⁶ "France Fuel Protests: Who Are the 'Gilets Jaunes' (Yellow Vests)?," BBC News

velgengni. Á Vesturlöndum og öðrum álíka ríkum þjóðfélögum, ná nær allir að uppfylla nauðsynlegustu lífsþarfir, m.a. að hafa nóg að bíta og brenna, þeir svelta því ekki til dauða og hafa þak yfir höfuðið. Þegar þær þarfir eru uppfylltar, ber fólk sig saman við aðra, bæði sína nánustu t.d. bekkjarfélaga eða fjölskyldumeðlimi, og svo allt upp í þjóðþekkta einstaklinga.⁷⁷

Nútíma efnahagskerfi hefur almennt aukið þann mun sem er á tekjum og eignum þeirra best settu og þeirra verst settu, þó almennt hafi báðir hópar bætt kjör sín. Laun forstjóra hafa t.d. í flestum löndum margfaldast miðað við laun lægst settu starfsmanna fyrirtækisins og yfirleitt langt umfram það sem fólk almennt telur æskilegt að munurinn sé.⁷⁸

Aðgerðir til að bæta hag innflytjenda og flóttamanna svo sem að auglýsa störf eingöngu fyrir þá hópa eða hin ýmsu prógrömm og námskeið sem ætluð eru til að þessir hópar aðlagist og bæti hag sinn í landinu, geta látið innfæddu lágstéttarfólki jafnvel líða eins og það sjálft skipti ekki máli, miðað við allt sem er gert fyrir aðra.⁷⁹

Allt sem hér hefur verið rakið stuðlar að því að tilteknum hópum finnst þeir skildir út undan og lýðhyggjuflokkar höfða til þess.

3.4 Dvínandi tryggð við flokka

Fjórða og síðasta D-ið í greiningu Matthew Goodwin er veiking tengsla almennings við hefðbundna stjórnmalaflokka (e. De-alignment) eða það sem nefna mætti dvínandi tryggð við flokka.

Ein einfaldasta leiðin til að sjá hversu stöðugt flokkskerfi er í flokksbundnu lýðræði, er að skoða tryggð kjósenda við flokka. Hún er mæld með því að skoða hversu hátt hlutfall kjósenda kys nær alltaf sama flokkinn og eru þá meðtaldir flokksbundnir stuðningsmenn, einnig kallaðir kjarnastuðningshópur eða fastafylgi viðkomandi stjórnmalaflokks. Því stærra sem það er því stöðugra er fylgi flokksins. Sem dæmi um tiltölulega stóran kjarnastuðningshóp á Íslandi kemur Sjálfstæðisflokkurinn til álita. Flokkurinn hefur lengi haft mjög mikið fastafylgi, jafnvel enn þann dag í dag, þrátt fyrir að hafa ekki einungis verið við

⁷⁷ Chen, „Relative Deprivation and individual Well-Being“

⁷⁸ Indriðadóttir. „Hafa laun forstjóra hækkað meira en laun annarra starfsmanna í íslenskum fyrirtækjum árin 1999 til 2018? Áhrif stjórnunarvalds á launahlutfall forstjóra.“, bls 35

⁷⁹ Sweney, “BBC’s ‘Racist Approach’ to Diversity Ignores White Working Class - Tory MP,”

stjórnvöllinn í góðærinu fyrir hrun, heldur einnig í hrunstjórninni, og síðan tók hann aðeins eins kjörtímabils hlé, áður en hann var aftur kominn til valda.⁸⁰ Þegar tryggð við flokk er mikil þá eru niðurstöður kosninga mun stöðugri og fyrirsjáanlegri, en það hefur verið að breytast bæði í löndum með lýðhyggjuflokka á þingi og í löndum án þeirra t.d. á Íslandi.

En hvað byggir upp tryggð við flokk? Í fyrsta lagi krefst það ákveðins sérkennis sem flokkur mótar, sem svo kjósendur samsama sig við. Séu tekin tvö einföld dæmi frá Íslandi þá hefur Framsóknarflokkurinn lengi verið kenndur við landsbyggð, bændur og kaupfélög, á meðan Sjálfstæðisflokkurinn hefur notið sérstakrar hylli meðal sjávarútvegsins og byggðarlaga sem einkennast af þeirri atvinnugrein.⁸¹ Þessi sérkenni sem flokkur mótar og laðar að kjósendur sem samsama sig við þau, er grunnstoð tryggðar við flokk. Sérkennin eru ekki nauðsynlega sértæk eins og bændaflokkur eða sjávarútvegsflokkur. Kommúnistaflokkar eru dæmi um hugmyndafræðilega flokka sem byggja kjarnastuðning sinn í kringum hugmyndafræði, frekar en tiltekinn hagsmunahóp, þó það geti komið til viðbótar eins og sést t.d. í slagorðinu „öreigar (verkfólk) allra landa sameinist.“

Á 20. öldinni voru grunnhugmyndir að einkennum flokka oft einskorðaðar við þætti eins og efnahag, trú, þjóðerni eða stétt.⁸² Því nær sem kemur nútímanum breyttust áherslur, því með batnandi lífskjörum fóru áherslur kjósenda af nýrri kynslóðum að breytast. Ólíkt eftirstríðskynslóðinni, oft nefnd „baby boomers“ og enn eldri kynslóðum, hafa engin stóratök umturnað lífnaðarháttum yngri kynslóða og öryggisnet einstaklinga í sárri fátækt á Vesturlöndum hefur farið batnandi. Réttindabarátta/lífskjarabarátta fór að snúast í meira mæli um sértækari markmið en almenna hagsmuni verkfólks eða kosningarétt kvenna. Í Bandaríkjunum hófst mikil baráttu fyrir réttindum og gegn mismunun litaðra einstaklinga í landinu, síðar urðu réttindamál samkynhneigðra áberandi svo og rétturinn til fóstureyðinga.⁸³

Þó þau séu mikilvæg skilja þessi baráttumál marga út undan sem áður var mikið barist fyrir á vinstri væng stjórnmalanna, þá sérstaklega innfætt verkfólk. Sama þróun átti sér stað í Evrópu en þar blandast þessi að eigin mati vanrækti hópur saman við aðra hefðbundnari og

⁸⁰ „Saga Flokksins,” Sjálfstæðisflokkurinn

⁸¹ Forysta Framsóknar, Framsókn ; Unnsteinsson. „Sjálfstæðið eða sjávarútvegurinn?“. Bls 60

⁸² Berlin, “Political Ideas in the Twentieth Century,”

⁸³ Casey et al., “A Brief History of Civil Rights in the United States: Introduction,”

íhaldssamari hópa, sem vilja hverfa aftur til fortíðar t.d. með útgöngu úr ESB eða baráttu fyrir menningu landsins, sem þeir sjá vegið að með innkomu mikils fjölda fólks úr öðrum menningarheimum.

Dvínandi kosningabátttaka verkafólks getur einnig skýrt uppgang lýðhyggjuflokka í kjölfarið, ef þeim tekst að virkja þann hluta kjósenda til að kjósa sig eða málstaðinn sem þeir standa fyrir.⁸⁴ Þetta er áhugaverð þæling því ef fólk er hætt að kjósa þá vantar oft þá breytu inn í módel kosningakannana, sem veldur því að kosninganiðurstöður geta komið gríðarlega á óvart. Þekktasta dæmi þess úr samtímanum er kosningasigur útgöngusinna í kosningunum um BREXIT. Í þeim kosningum virkjuðust yfir 2 milljónir manna, sem höfðu að mestu verið vanmetnir af fjölmiðlum, margir ekki kosið árum saman, þar sem þeir höfðu ekki nógu mikla ástríðu fyrir málunum til að fara á kjörstað og kjósa.⁸⁵ AfD þýski hægri lýðhyggjuflokkurinn hefur svipaðan stuðningsbakgrunn, að því leyti að hann er vinsælasti þýski flokkurinn hjá kjósendum sem höfðu yfirleitt ekki kosið síðastliðin ár.⁸⁶

Líklegt má einnig telja að takmörkuð viðleitni hefðbundinna flokka til að taka á þeim vandamálum, sem farið var yfir í köflunum hér á undan t.d. alþjóðavæðing, innflytjendur, aukin misskipting o.fl., hafi valdið veikingu á flokksböndum og rýmt fyrir innkomu nýrri flokka, og voru sumir þeirra einmitt lýðhyggjuflokkar.

Spyrja má hvað skilji að þau lönd þar sem lýðhyggjuflokkar urðu áberandi og lönd þar sem þeir náðu ekki fótfestu, þrátt fyrir minnkandi flokkshollustu almennt. Höfundur telur að svarið liggja í samfélagsvandamálum landanna og hvernig á þeim sé tekið. Til dæmis ef horft er til Íslands, þá uppfyllti landið mörg af fyrrnefndum atriðum sem geta orsakað aukinn stuðning við lýðhyggju, en samt gerðist lítið annað en að nýir en hefðbundnir flokkar komu fram á sjónarsviðið og að fylgi hefðbundnu flokkanna sem fyrir voru flaut meira á milli. Ýmsir, meðal annarra Ólafur Þ. Harðarson prófessor, hafa þó fært rök fyrir því að málflutningur sumra hinna nýju flokka beri einkenni lýðhyggju.⁸⁷ Líklegt var að bæði hefðbundnu flokkarnir sem fyrir voru og þeir nýju hafi uppfyllt ákall kjósenda varðandi samfélagsleg vandamál eða

⁸⁴ Woodhouse, "Brexit Was Delivered by 2.8m Non-Voters Inspired by Uprising against EU, Expert Claims,"

⁸⁵ Woodhouse, "Brexit Was Delivered by 2.8m Non-Voters Inspired by Uprising against EU, Expert Claims,"

⁸⁶ Blickle "The AfD Profits from Non-Voters and Merkel Defectors,"

⁸⁷ Kosningavaka RÚV v. forsetakosninga í júní

„Stóru málin“ svokölluðu, þannig að þeir sáu ekki nauðsyn þess að styðja málflutning sem einkenndist af lýðhyggju.

Dæmi um tvö stór mál margra lýðhyggjuflokka í Evrópu sem ekki urðu vatn á myllu lýðhyggju hér á landi er innganga í Evrópusambandið og flóttamannavandi. Varðandi ESB þá er Ísland ekki í ESB, auk þess sem hér eru stórir flokkar, sem eru andvígir inngöngu og þar með er ekki hægt að nýta ESB til að kveikja undir stuðningi við lýðhyggjuflokka. Innflytjendur og flóttafólk hafa hér heldur ekki sama mikilvægi og víða á Vesturlöndum. Í fyrsta lagi hefur verið tekið á móti tiltölulega fáum flóttamönnum þó er hér mikill fjöldi erlends verkafólks. Innflytjendur koma einkum frá Austur-Evrópu og þó þeir séu um margt ólíkir Íslendingum þá er ekki sami menningarmunur á milli Pólverja og Íslendinga annars vegar og t.d. Svía og Sýrlendinga hins vegar. Flestum innflytjendum tekst að fá vinnu og afla sér lífsviðurværis og flestir Íslendingar gera sér grein fyrir að þeir eru bráðnauðsynlegir í fjölmörgum atvinnugreinum og því engan veginn byrði á samfélaginu.

Hér hefur verið fjallað um orsakir og afleiðingar þess að flokkshollusta hefur farið minnkandi á mörgum Vesturlöndum hin síðari ár og að það geti verið ein ástæða uppgangs lýðhyggju. Ástæður að baki þessu eru margþættar allt frá auknum viðskilnaði fulltrúa flokka við almenning t.d. vegna bakgrunns frambjóðenda, sem eru oft úr efri stéttum landsins og sem hafa engan bakgrunn í „almennilegri vinnu.“⁸⁸ Dæmi um þetta er breyting á samsetningu ríkisstjórna breska Verkamannaflokksins, en árið 1945 var um helmingur meðlima með bakgrunn í verkalýðsstétt, en í ríkisstjórn Tony Blairs 1997 var einungis einn með þann bakgrunn.⁸⁹

Vegna minnkandi tenginga almennings við einn tiltekinn flokk fremur en annan, skapast tækifæri fyrir aðra flokka til að komast að með kjörna fulltrúa.

4 Fjölmíðlar og Samfélagsmiðlar

Nú þegar mögulegar ástæður fyrir auknum vinsældum lýðhyggju í samtímanum hafa verið raktar er mikilvægt að skoða einnig umhverfi fjölmíðla og samfélagsmiðla. Ástæður þess eru

⁸⁸ *Elitist Britain 2019 The educational backgrounds of Britain's leading people*, Sutton Trust and the Social Mobility Commission bls 9 af 22 kafli 3

⁸⁹ Eatwell & Goodwin, “Distrust,” in *National Populism: the Revolt against Liberal Democracy* bls 9 af 22

að ef eitthvað aðgreinir hið pólitíska umhverfi nútímans frá fyrri tíð, þá er það tilurð internetsins, áhrif þess á fjölmiðla, tilurð samfélagsmiðla og hvernig upplýsingar og skilaboð dreifast um samfélagið. Áskoranir þessa nýja raunveruleika eru margs konar, allt frá auknu aðgengi að upplýsingum yfir í versnandi rekstrarumhverfi hefðbundinna fjölmiðla. „Freeloaders“ (þeir sem nota fréttir annara miðla sem grunn á sínum) hafa hér mikið að segja og verður betur fjallað um þá í kafla um óhefðbundna miðla og í samfélagsmiðlakaflanum. Höfundur telur mikilvægt að taka tillit til þessara þátta þó þeir virðist ekki tengjast lýðhyggju við fyrstu sýn, en þetta breytta landslag fjölmiðla leggur grunn að því hvernig lýðhyggjusinnar nýta sér fjölmiðla og breytt form fréttaflutnings. Þetta umhverfi fjölmiðlunar ýtir mögulega undir málaflokka sem geta aukið stuðning við lýðhyggjuflokka og –stjórnámamenn.

4.1 Fjölmiðlar

Fjölmiðlar hafa fylgt samskiptabyltingum mannkynssögunnar og þróast með þeim og aðlagast. Í kjölfar þess að prentpressan var fundin upp árið 1455 fylgdi fyrsta reglulega útgáfa fréttablaðs í Antwerpen árið 1605.⁹⁰ Eftir það þróuðust fjölmiðlar smám saman og við bættust útsendingar í gegnum útvarp eftir 1895 og sjónvarp eftir 1925. Allar þessar breytingar juku aðgengi almennings að mismunandi fréttamiðlun/fjölmiðlun, en að mati höfundar þessarar ritgerðar hefur engin breyting allt frá uppgötvun prentpressunnar haft jafn mikil áhrif og nýjasta samskiptaleiðin sem varð til árið 1990, en þá var internetið fundið upp.⁹¹

Af hverju telur höfundur að internetið hafi verið áhrifameira en t.d. sjónvarp sem gaf almenningi í fyrsta skipti möguleika á að komast almennilega í tæri við það sem var að gerast úti í heimi, bæði með hljóð og mynd? Ástæðan er mjög einföld. Í fyrri bylgjum tækninnar allt frá prenti, útvarpi og sjónvarpi fylgdi alltaf mikill kostnaður og dreifikerfi voru nauðsynleg til að koma upplýsingum á framfæri, svo í besta falli gátu minni hópar/samtök náð til eigin staðbundins (e. local) markaðar, t.d. með héraðsútvörpum. Þegar Internetið var búið að festa sig í sessi varð hins vegar aðgangspröskuldurinn (e. bar of entry) miklu lægri en nokkurn tímann áður og „útsending“ náði ætíð til alþjóðlegs vettvangs. Sem dæmi má nefna að það varð jafn auðvelt að nálgast fréttasíðuna mbl.is á Íslandi og í Japan. Áhrifin af þessari byltingu

⁹⁰ Sehgal, *“The Evolution of Mass Communication,”*

⁹¹ Berners-Lee, *“History of the Web,”*

ásamt samfélagsmiðlabyltingunni sem notfærði sér þessa öfluggu aðgangsdreifðu (e. decentralized) innviði eru enn að koma í ljós, en eitt er víst að tilurð og vöxtur óhefðbundinnar fréttamiðlunar er bæði internetinu og samfélagsmiðlum að þakka/kenna.

4.1.1 Almennir fjölmiðlar

Almennir fjölmiðlar eru hinir hefðbundnu rótgrónu fjölmiðlar sem flestir nota til að nálgast fréttir og skoðanir frá degi til dags. Þekktir slíkir fjölmiðlar eru t.d. CNN, BBC og New York Times svo nokkrir séu nefndir. Þessir fjölmiðlar hafa þurft að laga sig að nútíma þörfum lesenda og beina í dag útgáfu frekar að internetinu t.d. með vefsíðum sem hafa frítt grunnefni, en einnig áskriftartengt efni sem þarf að borga fyrir.⁹² Ástæða þess er auðvitað að internetið er mun handhægari og ódýrari leið til að neyta fréttar, en þegar í kringum árið 2006 meðan internetið var enn á sínum bernskuárum var komin upp umræða um að hallaði undan fæti hjá dagblöðum.⁹³

Á netinu er samkeppnin um lesendur mun harðari en á götuhornum viðkomandi borga/landa, því á sama tíma og fjölmiðill þinn fær aðgang að mögulegum lesendum um heim allan þá fá allir aðrir það líka. Í sömu grein og hér er vitnað til er þess getið að um helmingur lesandahóps breska dagblaðsins Guardian með útgáfu á netinu, voru bandarískir og ekki breskir. Annað viðvarandi vandamál við netútgáfu blaða og tímarita er hversu miklu minna auglýsingar gefa af sér miðað við í hefðbundinni blaðaútgáfu.⁹⁴ Vegna minnkandi eftirspurnar eftir prentuðum dagblöðum sem og minni hagnaðar frá netútgáfum hafa mörg þeirra þurft að skera niður fjölda blaðamanna hjá miðlunum.⁹⁵

Þessar aðstæður setja ákveðinn þrýsting á að ná fram sem flestum svonefndum smellum á fría efnið, sem hefur áhrif á auglýsingasölu og þar með tekjur. Til að fá fólk til að smella á frétt þarf titill og mynd að vekja áhuga fólks. Ef of langt er gengið í að vekja athygli

⁹² "Digital and Home Delivery Subscriptions," The New York Times ; Gayed . "We Re-Lunched The New York Times Paywall and No One Noticed,"

⁹³ "Who Killed the Newspaper?," The Economist

⁹⁴ Kamarck & Gabriele, *The news today: 7 trends in old and new media*.

⁹⁵ Kamarck & Gabriele, *The news today: 7 trends in old and new media*

netverja á viðkomandi frétt með því að hafa misvísandi eða villandi fyrirsögn en slíkt er kallað smellbeita (e. clickbait). Merriam-Webster orðabókin skilgreinir orðið „clickbait“ sem t.d. fyrirsögn sem er hönnuð þannig að lesandinn vilji smella á hlekkinn sérstaklega ef hann leiðir hann inn í efni sem hefur vafasamt (e. dubious) gildi eða vekur áhuga hans.⁹⁶ Gott dæmi um slíkt af sakleysislegum toga er fyrirsögn fréttar sem birtist á mbl.is „Eiður Smári í Rusli“ þann 27. Febrúar 2020.⁹⁷ Flestum Íslendingum dettur líklega í hug ein ákveðin manneskja sem fréttinn gæti átt við og það er knattspyrnumaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen. Hins vegar fjallar fréttinn um Eið Smára Björnsson sendibílstjóra sem vegna verkfalls Eflingar var beðinn um að sendast með rusl í Sorpu.⁹⁸ Augljóslega hefði fyrirsögnin „Sendibílstjóri fer með rusl í Sorpu“ ekki vakið nærri því jafn mikla athygli, en þessi smellbeita, „clickbait“, gerði fréttina að mest lesnu frétt dagsins.⁹⁹ Fréttamiðlar virðast nýta sér slíkar smellbeitur í vaxandi mæli, því samkvæmt rannsókn frá árinu 2014–2016 voru um 47% fyrirsagna þeirra að notast við smellbeitur.¹⁰⁰

Hér fyrir ofan er búið að fara yfir þó nokkur atriði sem við fyrstu sýn virðast ekki tengjast lýðhyggju á neinn sérstakan hátt, en höfundur telur þennan nýja raunveruleika fréttamiðla vera lykilatriði í því hvernig þeir nýtast eða aðstoða lýðhyggjuflokka við að ná til almennings. Í fyrsta lagi sú staðreynd að fyrirsögn skipti meira máli en innihald fréttar, getur átt þátt í að auka vantraust lesanda á viðkomandi miðli, því þó miðillinn hafi náð að vekja athygli einstaklings nógu mikið til að hann smelli á fréttina, þá gæti lesanda fundist miðillinn vera að plata sig ef hún veldur honum vonbrigðum. Í öðru lagi eru lýðhyggjumenn oft frjór* viðfangsefni eða tilefni fyrir spennandi fyrirsagnir og getur það hvatt blaðamenn til að fjalla um þá og breitt út skilaboð þeirra á landsvísu. Trump er gott dæmi um slíkt, og varla þarf að taka fram hversu fyrirferðarmikill hann er í fjölmiðlum bæði fyrir og eftir kosningarnar 2016. Í þriðja lagi eru mörg þeirra málefna sem lýðhyggjumenn vekja athygli á t.d.

⁹⁶ “Clickbait,” Merriam-Webster

⁹⁷ Sævarsson, “Eiður Smári í Rusli,”

⁹⁸ Sævarsson, “Eiður Smári í Rusli,”

⁹⁹ WebArchive “Fréttir - Mbl.is,” Fréttir - mbl.is, 27. Febrúar, 2020

¹⁰⁰ Rony, Hassan, and Yousuf, “Diving Deep into Clickbaits,”

flóttamannavandinn eða hryðjuverk einnig kjörið efni fyrir spennandi fyrirsagnir sem hvetur blaðamenn til að fjalla um þau efni.

4.1.2 Óhefðbundnir fjölmiðlar

Óhefðbundnir fréttamiðlar hafa þróast mikið eftir að internetið kom til sögunnar. Áður hefði raunveruleg dreifing slíkra miðla að einhverju marki verið ólíkleg vegna tilkostnaðar við slíkt, en netið breytti því. Ein fyrsta birtingamynd óhefðbundinnar miðlunar var bloggsprengringinn svonefnda um aldamótin þegar einstaklingar fóru að búa til bloggsíður sér til gamans og skrifa um það sem þeim datt í hug.¹⁰¹ Sumir ákváðu að skrifa um fréttir líðandi stundar og fjalla um þær með sinni eigin rödd. Við það komu fram mun litríkari og skoðanabundnari umfjallanir sem voru ekki jafn bundnar af stöðlum blaða- eða fréttamennsku eða yfirsýn ritstjórnar um hvað ætti að birta og hvað ekki.¹⁰²

Komu fram áhyggjur af því að slíkar bloggsíður sem sjálfstæðar einingar væru ekki jafn bundnar af því að segja satt og hefðbundnari fréttamiðlar væru. Bloggari frá Íslandi gæti alveg eins sagst búa í Úganda og skrifað falsfréttir um hvað sé að gerast þar, án þess að hafa í raun nokkra þekkingu á því. Ábyrgðin á því að skrifa sannleikanum samkvæmt er hér færð frá höfundum til lesandans sem þarf sjálfur að sannreyna sannleiksgildið eða ákveða að treysta höfundinum.

Bloggheimurinn var aðalheimili óhefðbundinnar fréttamiðlunar þar til ný byltingakennd miðlun kom fram á sjónarsviðið með tilkomu og uppgangi samfélagsmiðla. Með þeim jókst aðgangur að óhefðbundnum fréttaflokkum til muna, því nú varð til einföld deilingaleið fyrir lesendur til að sýna öðrum hvað þeir væru að lesa. Einnig opnaðist möguleiki á að safna notendum sem fylgjendum og auðvelda þannig aðgang lesenda að fréttum frá óhefðbundna miðlinum, jafnvel þó upprunalega fréttin væri hýst á annarri vefsíðu.

Farið verður dýpra í hvernig þessir miðlar virka með dæmum um þrjá samfélagsmiðla hér fyrir aftan, en jafnframt skal ítrekað að fleiri samfélagsmiðlar en þeir eru til og sem einnig eru dreifiaðilar fyrir óhefðbundna fréttamiðla t.d. Reddit.

¹⁰¹ Raynsford, "Blogging: the New Journalism?,"

¹⁰² Raynsford, "Blogging: the New Journalism?,"

4.2 Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar eru einstakt fyrirbrigði sem hefur á margan hátt tekið yfir sem aðalnotkun almennings á internetinu en 4 af 10 mest heimsóttu vefsíðum á internetinu öllu eru samfélagsmiðlar.¹⁰³ Þó ekki séu allir samfélagsmiðlar eins þá byggja þeir allir á því að notendur miðlanna búa sjálfir til afþreyinguna sem felst í notkun þeirra, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki sem birta efnið. Síðan velur fólk sjálft þá sem það vill fylgjast með (e. follow). Gervigreind í tölvukerfi fyrirtækisins eða miðilsins nýtist svo til að tryggja að það sem þú sérð á tímalínu (e. feed) þinni sé eitthvað sem þú hefur áhuga á er eða eru eftir manneskju sem þú vilt fylgjast með.

Flestir kannast væntanlega við þá staðreynd að þú sérð yfirleitt ekki færslur frá öllum vinum þínum t.d. á Facebook, en þar er einmitt gervigreind vefsíðunnar að verki. Tekur hún tillit til þess hverja af vinum þínum þú átt í samskiptum við (e. interact) og ýtir sjálfkrafa þeim til hliðar sem þú átt ekki í samskiptum við. Þess vegna eru tímalínur tveggja einstaklinga, sem eiga sömu vini á Facebook ekki eins, ef þeir eiga samskipti við mismunandi fólk innan þess sama vinahóps.¹⁰⁴ Þessi gervigreind virkar eins vel og hún gerir vegna þess hún safnar eins miklum upplýsingum um viðkomandi og hún getur og nýtir þær til að stýra flæði inn á hans tímalínu.

Þessar upplýsingar eru svo notaðar til að afla fjár fyrir samfélagsmiðilinn, því þjónusta hans er ókeypis fyrir notandann. Tekjurnar fást með auglýsingasölu, og vegna þeirra upplýsinga sem samfélagsmiðillinn safnar þá eru miklir möguleikar á að notandanum séu einungis sýndar auglýsingar sem eru líklegri en aðrar til að höfða til hans. Slíkt er eftirsóknarvert fyrir auglýsendur og ólíkt því t.d. að setja upp skilti við veg, setja auglýsingu í blað eða jafnvel auglýsingar á hefðbundnari vefsíðu, því þar vantar þessar persónuupplýsingar sem samfélagsmiðlar hafa og geta stýrt deilingu efnis eftir. Ótrúlegt er hversu hnitmiðaðar auglýsingar geta orðið t.d. hefur það gerst að karlmaður nokkur hafi

¹⁰³ Routley, "Ranking the Top 100 Websites in the World,"

¹⁰⁴ "News Feed," Facebook Media

hrekkt herbergisfélaganna sinn með því að kaupa auglýsingar á Facebook, en hafði afmarkanirnar það sérhæfðar að þær myndu nær eingöngu geta birst þessum eina manni.¹⁰⁵

Slíkar sérhæfðar auglýsingar hafa einnig verið notaðar í mun alvarlegri tilgangi. Þannig var sér netherferð auglýsinga Verkamannaflokksins fyrir kosningarnar í Bretlandi árið 2017, miðuð við að einvörðungu Jeremy Corbin og nánasta samstarfsfólk hans sæju auglýsingarnar, því aðalstjórn flokksins vildi ekki fylgja stefnu hans um hvað ætti að standa í auglýsingum flokksins.¹⁰⁶

Samkvæmt markaðsrannsóknum gefa eðlislæg áhrif upplýsingadreifingar á samfélagsmiðlum einnig vísbendingar um hvernig lýðhyggja getur aflað sér stuðnings óbeint, en þær fréttir sem vekja sterkar neikvæðar tilfinningar t.d. reiði eða ótta vekja almennt upp sterkari viðbrögð notenda en jákvæðar, sem að öðru leyti dreifast hraðar og meira.¹⁰⁷ Sérstakt er þó að notendur sem hneykslast á ákveðnu atviki tala frekar við aðra sem deila sömu skoðun og þeir sjálfir á því hversu slæm hin sjónarmiðin séu.¹⁰⁸ Slíkt eykur svonefnt „othering“, þar sem er gert lítið úr andstæðingum viðkomandi, og þeir eru jafnvel útlistaðir sem enn verri manneskjur en raunin er, bara vegna andstæðra sjónarmiða þeirra.¹⁰⁹ Þetta umhverfi er hentugt til að útbreiða málefni eða sjónarmið lýðhyggju, þar sem þau í eðli sínu byggja á því að um sé að ræða góða fólkið á móti elítunni.

4.2.1 Twitter

Samfélagsmiðillinn Twitter er flokkaður sem míkróbloggsíða þar sem póstar eru takmarkaðir við 280 stafi (áður 140). Einnig er hægt að deila myndböndum, hlekkjum, myndum og tístum frá öðrum notendum. Twitter er mun opnari miðill en aðrir samfélagsmiðlar þar sem síður flestra þar eru opnar fyrir alla og geta allir gerst fylgjendur (e. follower) síðu, nema þegar

¹⁰⁵ Swichkow, *“How I Pranked My Roommate With Eerily Targeted Facebook Ads,”*

¹⁰⁶ Shipman, *“Labour HQ Used Facebook Ads to Deceive Jeremy Corbyn during Election Campaign,”*

¹⁰⁷ Berger & Milkman, *“What Makes Online Content Viral ,”*

¹⁰⁸ Berger & Milkman, *“What Makes Online Content Viral ,”*

¹⁰⁹ Berger & Milkman, *“What Makes Online Content Viral ,”*

notandinn sjálfur setur einhver takmörk. Twitter er sérstaklega gagnlegur fyrir þjóðþekktu einstaklinga sem vilja geta ávarpað fylgjendur sína beint, og er líklega sá þekktasti, eða sumir myndu segja alræmdasti sem það gerir, forseti Bandaríkjanna Donald Trump, sem notar samfélagsmiðilinn af fullum þunga og oft á dag til að ávarpa almenning beint og án milliliða. Eins og Neal Gabler skrifar í grein sinni „*As FDR mastered radio and JFK conquered TV, Donald Trump rules the Internet like no other candidate.*“¹¹⁰

Twitter sem samfélagsmiðill hefur líklega flesta kosti internetsins þegar kemur að því að breiða út lýðhyggju og afla henni fylgjenda. Þessu spáði Bimber árið 1998, þegar hann sagði að hið aukna beina samband sem Internetið gæfi einstaklingum við stjórnámálamenn gæti stýtt sambandslínuna milli kjósenda og stjórnámálamanna.¹¹¹ Vissulega var Bimber hér að velta fyrir sér netinu í heild sinni, en þetta á enn frekar við um samfélagsmiðla og Twitter þá sérstaklega fyrir það hversu opinn miðillinn er. Skilur miðillinn sig frá t.d. Facebook að því leyti að notendur fá ekki eingöngu að sjá efni frá þeim sem þeir fylgja heldur einnig hvað sé vinsælt, „e. trending“, á Twitter. Með „trending“ er átt við umtöluðu (deildu) myllumerki innan „landamæra“ viðkomandi ríkis og er það einmitt lykillinn að vinsældunum, því í gegnum það hefur notandi möguleika á að ná til margfalds fylgjendahóps síns, hvort sem það sé til góðs eða ills fyrir notandann. Alræmt dæmi um hversu hratt upplýsingar geta farið um Twitter var mál Justine Sacco sem tísti brandara um viðkvæmt efni til færri en 200 fylgjenda sinna, en endaði með því að dreifa honum, „e. trenda“, á heimsvísu fyrir tilstilli fólks sem hneykslaðist á brandaranum, og á endanum missti hún vinnuna vegna hans.¹¹²

Twitter hefur tekið ýmis skref nýlega til að berjast gegn villandi eða röngum upplýsingum sem dreift er á miðlinum. Nýjasta dæmið um þetta tengist Donald Trump, en fram til þessa hefur Twitter tiplað á tánnum kringum tíst forsetans, þó sum þeirra gætu hafa brotið reglur síðunnar. Ástæða þessa afskiptaleysis er krafan um málfrelsi og staða Trump sem forseta, og hefur Twitter til þessa talið erfitt að þurrka út villandi tíst frá honum. Þó hefur myndböndum sem hann deilir stundum verið eytt, en það vakið hörð viðbrögð bæði frá Trump og

¹¹⁰ Gabler, *“Donald Trump, the Emperor of Social Media,”*

¹¹¹ Bimber, *“The Internet and Political Transformation: Populism, Community, and Accelerated Pluralism,”*

¹¹² Feloni, *“What Justine Sacco, The PR Exec Fired For A Racist Tweet, Is Really Like In Person,”*

stuðningsfólki hans.¹¹³ Nýjasta útspil samfélagsmiðlasíðunnar er að fela tíst sem brjóta reglur fyrirtækisins um hvað má birta, en gefa fólki möguleika að sjá engu að síður hvað stóð í viðkomandi tísti með því að smella á það.¹¹⁴ Twitter hefur því ákveðið að taka afstöðu varðandi það hversu réttar eða rangar upplýsingarnar eru sem deilt er á síðunni.¹¹⁵ Stærsta skrefið er hins vegar sú ákvörðun Twitter að fjarlægja pólitískar auglýsingar alfarið af síðunni, en það er nokkuð sem Facebook hefur ekki gert fyrr en nú nýverið vegna kosninganna í nóvember 2020.¹¹⁶

4.2.2 Facebook

Facebook - samfélagsmiðill er langstærsta samfélagsmiðlaveita í heiminum í dag með yfir 2.4 milljarða notenda.¹¹⁷ Facebook býður notendum upp á gríðarmikla fjölbreytni í því hvað þeir geta gert á síðunni. Þeir geta aflað sér vina/fylgjenda, búið til og gengið í hópa um málefni, tjáð afstöðu sína með því að líka við (e. like) síður og svo framvegis, allt þeim að kostnaðarlausu. Að reka síðuna er hins vegar ekki án tilkostnaðar, en vegna þess hversu mikið magn upplýsinga notendur skilja eftir sig á miðlinum, verður til gríðarstór gagnabanki um hvern notanda sem er svo nýttur til að ákveða hvaða auglýsingar skulu birtast viðkomandi.

Dæmið hér að framan um hrekkinn og auglýsingar sérsniðnar fyrir Corbyn eru góð dæmi um slíkt. Þetta form auglýsinga kallast „microtargeting“, þar sem með nógu mörgum breytum er tæknilega hægt að búa til og birta nákvæmlega þær auglýsingar sem ættu að hafa mest áhrif á sérhvern notanda miðilsins. Þessa aðferð nýta fyrirtæki iðulega til að auglýsa og selja ákveðnar vörur, en stjórnámálamenn hafa verið að auka umsvif sín á slíkum miðlum þá sérstaklega í Bandaríkjunum og þá á miðlum eins of Facebook og Instagram (í eigu Facebook).¹¹⁸ Þessi aukna áhersla á auglýsingar á vefmiðlum, sérstaklega Facebook, sem

¹¹³ Doyle, “Twitter Deletes Video Tweeted by Trump Mocking Barack Obama's Biden Endorsement,”

¹¹⁴ Hern, “Twitter Hides Donald Trump Tweet for 'Glorifying Violence',” The Guardian.

¹¹⁵ Pandey, “What Is Twitter Fact-Check?,”

¹¹⁶ Scola & Overly, “Twitter Drops All Political Ads in Shot at Zuckerberg,” POLITICO

¹¹⁷ Clement, “Most Used Social Media Platform,”

¹¹⁸ Gibson, “Spending on U.S. Digital Political Ads to Top \$1 Billion for First Time,”

hefur ákveðið, ólíkt t.d. Google, Twitter og Spotify að taka ekki afstöðu til sannleiksgildis pólitískra auglýsinga, er gróðrarstía fyrir auglýsingar í anda lýðhyggju.

4.2.3 YouTube

YouTube skilur sig frá fyrrnefndum samfélagsmiðlum sérstaklega hvað varðar efnistöð. Skilaboð og tíst (e. status, tweets) eru ekki aðal tjáningarform miðilsins heldur myndbönd, sem notendur setja inn á síður sínar. Einnig er deiling notenda á efni ekki aðalleiðin innan miðilsins sjálfs, heldur stýrist deilingin eða dreifingin að stórum hluta af gervigreind, sem byggt á fyrra áhorfi notandans, mælir með hvað hann ætti að horfa á næst. Einnig ólíkt Facebook og Twitter eru raunverulegir hagsmunir bak við það að hafa fylgjendur og áhorf innan síðunnar, því ef lágmarkskröfur um áhorf eru uppfylltar er hægt að setja auglýsingar inn á myndböndin og gera rás sína jafnvel að aðalstarfi þess sem á myndbandið.¹¹⁹ Miðillinn er einnig mun lokaðra umhverfi þar sem tjáning innan þess felst í myndböndum, því að smella „like/dislike“ á þau og skrifa athugasemdir undir myndböndin. Í staðinn fyrir að sjá t.d. tíst og deila því á eigin síðu þá eru flestir notendur aðeins neytendur efnis sem er líkara sjónvarpsefni en virkni á Facebook eða Twitter. Vegna þess hvernig þessi miðill skilur sig frá öðrum þegar kemur að því hvernig hann virkar, þá er betra að skoða hvernig efni tengt stjórnmálum er framleitt á síðunni og einnig hverjir eru áhrifavaldar innan þess sem tengist pólitík.

YouTube er eins og aðrir samfélagsmiðlar þekktari fyrir margt annað en pólitískt efni, en slíkt er samt til staðar innan vefsíðunnar og þá sérstaklega tengt svonefndu „menningarstríði“, „e. Culture war“. Flestir af stærstu áhrifavöldum innan þess sviðs eru á móti femínisma og „vinstri“ hlið þeirrar hugmyndafræði. Mál tengd „Culture war“ snúast sérstaklega um nútíma femínisma og málefni honum tengd, en notendur YouTube hallast mun meira gegn þeim hugmyndum en á sveif með þeim. Það sést vel ef notað er leitarorðið „feminism“ og niðurstöðum leitar er breytt þannig að myndböndin með mesta áhorfið raðist efst.¹²⁰ Næstum hvert einasta myndband af þeim sem hafa mesta áhorfið eru að gera grín að

¹¹⁹ „YouTube Partner Program Overview“ YouTube Help,

¹²⁰ „Feminism,“ YouTube

